



Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra 2021



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu – 101 Reykjavík
Sími: 545 9200 | fjr@fjr.is

Júní 2022 | ISBN: 978-9979-820-86-4

Ábyrgðarmaður: Bjarni Benediktsson
Umsjón: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	5
Starfsemi á árinu 2021	7
Hlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytisins og áhersluverkefni á árinu 2021	12
Efnahagsúrræði á árinu 2021	13
Tekjuöflun ríkisins	15
Sjálfbær rammi um græna fjármögnun ríkissjóðs	16
Sjálfbær innkaup	17
Stafrænt Ísland	18
Betri vinnutími í vaktavinnu innleiddur	21
Innri starfsemi	22
Tölfræði um starfsemi 2021	24
Málefnasvið og málaflokkar	25
Stofnanir	27
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	29
Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka	31
05.1 Skattar og innheimta	32
05.2 Eignaumsýsla ríkisins	36

Efnisyfirlit

05.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins	41
05.4 Stjórnýsla ríkisfjármála	46
06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	50
16.1 Markaðseftirlit	53
29.1 Barnabætur	55
31.1 Húsnæðisstuðningur	56
33.1 Fjármagnskostnaður	57
33.2 Ríkisábyrgðir	59
33.3 Lífeyrisskuldbindingar	61
34.0 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna	63
Frávikagreining – málefnavið og málaflokkar	64
Kynja- og jafnréttismál	69
Ávinningur af styrkjum og framlögum 2021	71
Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	72
Almennur varasjóður	73
Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	75
Yfirlit yfir útgefið efni árið 2021	78

Ávarp ráðherra

Árið 2021 einkenndist líkt og árið þar á undan af þeim aðstæðum sem heimsfaraldur kórónuveiru skapaði. Áhrif faraldursins á starf ráðuneytisins voru umtalsverð en á sama tíma og leyst var úr fjölmörgum málum sem tengdust faraldrinum var unnið að mörgum öðrum áhersluverkefnum.

Áfram voru kynnt ný úrræði vegna Covid-19 og önnur voru fram- lengd. Áhrif Covid- ráðstafana á ríkissjóð námu um 115 milljörðum króna á árinu sem er litlu meira en árið 2020. Fjármála- og efnahags- ráðuneytið leiddi sem fyrr vinnu við mótun sértækra efnahags- úrræða sem ætlað var að vinna gegn áhrifum faraldursins. Eftir því sem á árið leið hafði fjölgun smita minni áhrif á efnahags- svif og við tók kröftugur efnahagsbati. Aðgerðir stjórnvalda vegna faraldursins tókust vel sem endurspegladist ekki síst í góðri stöðu heimila, samdrætti í atvinnuleysi og því að aðgerðirnar mæltust vel fyrir hjá fyrirtækjum og heimilum.

Ráðuneytið vann sem fyrr að fjölmörgum áherslumálum á árinu. Ég nefni sérstaklega áframhaldandi þróun stafræna samskipta á vegum Stafræns Íslands undir forystu ráðuneytisins. Margir áfangar náðust sem bættu stafræna þjónustu - ferlar, skjöl og umsóknir urðu stafræn og má þar sem dæmi nefna, þinglýsingar og umsóknir um fæðingar- orlof. Stafrænum ökuskipteinum fjölga stöðugt og eru þau nú um 130 þúsund talsins. Stafvæðingin miðar sem fyrr að því að einfalda líf

fólks, spara því sporin og auka jákvæð umhverfisáhrif. Einnig er vert að nefna að Ísland.is, sem hefur að markmiði að veita upplýsingar um alla opinbera þjónustu, var valinn opinber vefur ársins í mars 2021.

Á árinu náðist sá ánægjulegi áfangi að birtur var rammi um sjálfbæra, græna fjármögnun ríkissjóðs, eftir að hafa fengið alþjóðlega vottun. Ramminn endurspeglar skýr markmið stjórnvalda um sjálfbærni og þær alþjóðlegu skuldbindingar í loftslagsmálum sem Ísland er hluti af.

Áfram var unnið að þróun stofnanaumhverfis ráðuneytisins í því skyni að bæta þjónustu og auka skilvirkni. Í maí sameinaðist skatt- rannsóknastjóri Skattinum með það að markmiði að efla og bæta skattrannsóknir. Í september sameinuðust Ríkiseignir og Fram- kvæmdasýsla ríkisins (FSR) undir heitinu Framkvæmdasýslan - Ríkis- eignir. Með sameiningunni fæst mikil samlegð þar sem húsnæðis- og aðstöðumál ríkisins verða m.a. á einni hendi.

Kosið var til Alþingis í lok september. Ný ríkisstjórn var mynduð í nóvember, með endurnýjun stjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna þar sem vöxtur og velsæld eru leiðarljósin. Eitt helsta verkefni ríkisstjórnarinnar verður að treysta grunninn á ný til að verja kröftuga uppbyggingu opinberrar þjónustu og geta tekist á við óvænt áföll framtíðar. Styrkur ríkisfjármála verður byggður upp á grundvelli öflugs atvinnulífs og áhersla lögð





á framúrskarandi umhverfi til verðmætasköpunar þar sem til verða ný, fjölbreytt og verðmæt störf. Samspil peningastefnu, ríkisfjármála og vinnumarkaðar verður undirstaða þess að unnt sé að tryggja stöðugleika í verðlagi og vöxtum.

Mikil tækifæri felast í bættum rekstri, nýtingu nýrrar tækni og stafvæðingu til að veita enn betri þjónustu án verulegs útgjalda-vaxtar. Með sókn í opinberri fjárfestingu, öflugum stuðningi við nýsköpun, rannsóknir og þróun og hagfelldu umhverfi fyrir vaxtar-sprota samfélagsins er lagður grunnur að nýju hagvaxtarskeiði.

Þá vinnur ríkisstjórn að stórsókn í loftslagsmálum og vill að Ísland skipi sér í fremstu röð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Leiðarstefin í umbreytingunum verða samkeppnishæfni, verðmæta-sköpun, sjálfbærni og réttlát umskipti fyrir alla hópa samfélagsins.

Starfsemi á árinu 2021

Fréttannaárið 2021 (janúar–mars)

8. janúar

Skýrsla starfshóps um eftirfylgni efnahgsaðgerða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru birt þar sem m.a. var fjallað um atvinnuástandið. [Nánar >](#)

14. janúar

Fyrstu dagana eftir að hægt var að sækja um tekjufallsstyrki vegna Covid-19 bárust umsóknir fyrir um 2,7 milljarða króna. [Nánar >](#)

15. janúar

Starfshöpur um efnahagsleg áhrif valkosta í sóttvarnamálum skilar skýrslu. [Nánar >](#)

19. janúar

Nýsköpun í starfsemi hins opinbera á tímum Covid rædd á Nýsköpunardeginum. [Nánar >](#)

19. janúar

Samkomulag um að Landsbjörg fái allt að 450 milljóna króna framlag úr ríkissjóði til kaupa á þremur björgunarskipum á árunum 2021-2023. [Nánar >](#)

29. janúar

Fjármála- og efnahagsráðherra ákveður að hefja sölumeðferð á hlutum í Íslandsbanka í samræmi við tillögu Bankasýslu ríkisins. [Nánar >](#)

28. janúar

Ríkissjóður gefur út skuldabréf í evrum á 0% vöxtum. [Nánar >](#)

22. janúar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gefur út stefnu um áherslur og viðmið í húsnæðismálum stofnana. [Nánar >](#)



1. febrúar

Íslensk stjórnvöld hafa lagt um 550 milljónir króna til próunar, framleiðslu og dreifingar bóluefna við Covid-19 í próunarlöndum. [Nánar >](#)



10. febrúar

Yfir 1.000 rekstraraðilar fengu greidda rúma sex milljarða króna í tekjufallsstyrki vegna Covid-19 fyrsta mánuðinn eftir að opnað var fyrir umsóknir. [Nánar >](#)

18. febrúar

Ráðherra mælti fyrir nýju frumvarpi um gjalddeyrismál er ætlað að einfalda og skýra gildandi regluverk. [Nánar >](#)

24. febrúar

Viljayfirlýsing undirrituð um kaup ríkisins á hlutum orkufyrirtækja í Landsneti hf. [Nánar >](#)

12. mars

Útgjöld ríkisins vegna fjárfestinga hefur aukist og er gert ráð fyrir að opinber fjárfesting verði öflug á næstu árum. [Nánar >](#)

3. mars

Opnað fyrir umsóknir um viðspyrnustyrki. [Nánar >](#)

2. mars

Varnarlína milli viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi lögfest. [Nánar >](#)



1. mars

Ánægja með aðgerðir stjórnvalda vegna Covid-29 og batnandi fjárhagsstaða fyrirtækja. [Nánar >](#)

12. mars

Kynjasjónarmið á flestum þeim málefnaviðum sem fjármálaáætlun tekur til kortlögð í stöðuskýrslu. [Nánar >](#)

19. mars

Bjarni Benediktsson undirritar viljayfirlýsingu ráðherra Evrópu-sambandsins og EFTA-ríkjanna um tækniáætlun. [Nánar >](#)

22. mars

Bjarni Benediktsson kynnir fjármálaáætlun fyrir 2022-2026. [Nánar >](#)



23. mars

Framlög til loftslagsmála verða aukin um 1 ma.kr. á ári á tímabilinu 2022-2031 samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar. [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2021 (mars-júní)

24. mars

10-12 þúsund bílferðir sparast árlega með stafrænum skilavottorðum ökutækja. [Nánnar >](#)

1. apríl

Ánægja er með efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna Covid-19. Meirihluti fyrirtækja telur sig standa vel til að takast á við tímabundin áföll. [Nánnar >](#)

15. apríl

Yfir tveir milljarðar króna greiddir í viðspyrnustyrki. [Nánnar >](#)

16. apríl

Stefna um stafræna þjónustu stjórnvalda lögð í samráðsgátt, þar sem finna má umgjörð um sýn og áherslur hins opinbera um hagnýtingu upplýsingatækni. [Nánnar >](#)

27. apríl

Skýrsla birt um nýtingu heimila og fyrirtækja á úrræðum vegna Covid-19. Flest fyrirtæki sem nýta úrræðin hafa færri en 5 starfsmenn. [Nánnar >](#)

29. apríl

Starfshópur endurmetur útgjöld vegna hjúkrunarþjónustu við aldraða. [Nánnar >](#)

28. apríl

Stjórnvöld, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands, opna 30 klukkustunda vefnámskeið um gervigreind sem er opið öllum almenningi.

Við tókum þátt í gervigreindar-áskoruninni Element

28. apríl

Nýsköpunarmót um bættu þjónustu og frekari skilvirkni í opinberum rekstri. [Nánnar >](#)



30. apríl

Ný úrræði kynnt vegna afleiðinga heimsfaraldurs. [Nánnar >](#)

3. maí

Auknir hvatar til fjárfestinga í umhverfsvænum eignum með samþykkt frumvarps Bjarna Benediktssonar. [Nánnar >](#)

5. maí

Heimild til að greiða séreign skattfrjálst inn á íbúðalán framlengd. [Nánnar >](#)

21. maí

Afkoma ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. [Nánnar >](#)

31. maí

Bjarni Benediktsson tók þátt í árlegum fundi fjármálaráðherra OECD þar sem einkum var rætt um viðbrögð og lærdóma aðildarríkjanna af heimsfaraldri. [Nánnar >](#)

31. maí

Umgjörð stafrænnar þjónustu bætt með fullri aðild Íslands að NIIS. [Nánnar >](#)



28. maí

Hægt að skoða hvert skattarnir fara á nýjum álagningarseðli. [Nánnar >](#)

26. maí

Áætlun um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum til 30 ára birt í fyrsta sinn. [Nánnar >](#)

3. júní

Stofnanir sameinast um örútbóð á rafbílum. [Nánnar >](#)



7. júní

Hlutafrútbóð Íslandsbanka hefst. [Nánnar >](#)




9. júní

1.000 störf skapast vegna fjárfestingarátaks. [Nánnar >](#)

Fréttannaáall 2021 (júní–nóvember)

10. júní

Starfshópur um græn skref í sjávarútvegi skilar skýrslu. [Nánar >](#)



15. júní

Aukið hagræði og betri þjónusta með stafrænu pósthólfi. [Nánar >](#)

29. júní


Uppgjör ríkisreiknings birt – afkoma ríkissjóðs lituð af áhrifum faraldurs. [Nánar >](#)

1. júlí

Bjarni Benediktsson og Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ ganga frá stofnun fasteignafélags sem fer með fasteignir sem nýttar eru í þágu Háskólans. [Nánar >](#)

2. júlí

Ríkissjóður eignast allt hlutafé í Auðkenni ehf. [Nánar >](#)



2. júlí

Ráðherra og bæjarstjóri Kópavogs undirrita samkomulag um skipulag og uppbyggingu lands á Vatnsendahæð. [Nánar >](#)



5. júlí

Ársskýrslur ráðherra fyrir 2020 birtar. [Nánar >](#)

12. ágúst

Lykiltölur um rekstur hins opinbera birtar á vefnum opinberumsvif.is. [Nánar >](#)



23. ágúst

Ráðstefna Tengjum ríkið haldin í annað sinn. [Nánar >](#)



4. september

Skýrsla birt um mat á árangri efnahagsaðgerða vegna heimsfaraldurs. [Nánar >](#)



3. september

Samantekt birt um tæknilega innvið og rafræna þjónustu hins opinbera. [Nánar >](#)

30. ágúst

Sameining Ríkiseigna og Framkvæmdasýslu ríkisins með það markmið að auka skilvirkni og bæta þjónustu. [Nánar >](#)

27. ágúst

Drög að opinberri skýjastefnu í samráðsgátt. [Nánar >](#)

10. september

Endurskoðun almennrar eigandastefnu fyrir félög í eigu ríkisins tekur gildi. [Nánar >](#)

24. september

Sjálfbær fjármögnunarrámmi ríkissjóðs gefinn út. [Nánar >](#)

19. október

Ísland í efsta sæti alþjóðlegrar lífeyrisvísitölu. [Nánar >](#)

28. október

Rætt á degi stjórnenda stofnana um áskoranir ríkisstofnana við að veita betri og skilvirkari þjónustu meðan á heimsfaraldri kórónuveiru hefur staðið.

4. nóvember

Ísland verður þátttakandi í samvinnuverkefni um grænni ríkisrekstur. [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2021 (nóvember–desember)

16. nóvember

Ísland í sjöunda sæti meðal Evrópuþjóða þegar kemur að stafrænni opinberri þjónustu. [Nánar >](#)

17. nóvember

Hægt að styðja við almannaheillastarfsemi og fá skattafrádrátt með gildistöku nýrra laga. [Nánar >](#)

28. nóvember

Ný ríkisstjórn mynduð. Bjarni Benediktsson gengir áfram embætti fjármála- og efnahagsráðherra og verkefni ráðuneytisins haldast óbreytt. [Nánar >](#)

30. nóvember

Fjármálastefna fyrir árin 2022-2026 lögð fram. [Nánar >](#)

30. nóvember

Ráðherra kynnis fjárlagafrumvarp fyrir árið 2022 – staðan í efnahagsmálum betri en gert var ráð fyrir og meiri þróttur hagkerfisins en búist var við. [Nánar >](#)

30. desember


Helstu atriði fjárlaga fyrir árið 2022. [Nánar >](#)

30. desember

Stefna í lánamálum 2022-2026 birt. [Nánar >](#)

29. desember

Skattabreytingar á árinu 2022. [Nánar >](#)





Hlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytisins og áhersluverkefni á árinu 2021

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytisins er að fara með yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer að auki með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannaúðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Árið 2021 sinnti ráðuneytið sem fyrr verkefnum sem falla undir meginhlutverk þess. Árið einkenndist mjög af hefðbundnum verkefnum á borð við fjármálaáætlun, fjárlög og fjárukalög og verkefnum sem tengdust þeim aðstæðum sem uppi voru. Er hér einkum átt við mótnun aðgerða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og útfærslu þeirra, sem ráðuneytið átti ríkan þátt í ásamt stofnunum, en nánar er vikið að þessu í ársskýrslunni.

Af öðrum áhersluverkefnum árið 2021 má nefna græna fjármögnun ríkissjóðs, sem felur í sér að kortleggja möguleika ríkissjóðs á grænni eða sjálfbærri fjármögnun. Drög að sjálfbærum fjármögnunarramma lágu fyrir í maí 2021 og í kjölfarið var ytri umsagnaraðili, CICERO shades of green, valinn til að votta rammann. Sjálfbær fjármögnunarrammi ríkissjóðs var síðan birtur í september.

Þá var áfram lögð áhersla á stafræna þróun og vann Stafrænt Ísland sem fyrr að fjölda verkefna sem miða að því að einfalda líf fólks með stafrænum lausnum

Af öðrum verkefnum má sérstaklega nefna stefnu um opinber innkaup, sem tók gildi í febrúar, en stefnunni er ætla að tryggja að vel sé vandað til verka og að sameiginlegir fjármunir nýtist til að stuðla að betra samfélagi fyrir alla.

Efnahagsúrræði á árinu 2021

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði áfram áhrif á þróun efnahagsmála á árinu 2021. Fjölgun smita var sem fyrr mætt með hertum sóttvarnatakmörkunum og sértækum efnahagsúrræðum til handa fyrirtækjum og heimilum. Ýmist voru fyrri úrræði framlengd eða ný kynnt. Meginmarkmið mótvægisáðgerðanna var að draga úr óvissu, viðhalda eftirspurn og varðveita framleiðslugetu hagkerfisins svo hægt væri að tryggja öflugna viðspyrnu fyrir efnahagslífið að honum loknum.

Ýmsar aðgerðir áttu að styðja við aðila í rekstrarerfiðleikum vegna faraldursins, s.s. beinir styrkir (s.s. viðspyrnu-, tekjufalls- og lokunarstyrkir), skattfrestanir (frestun staðgreiðslu af launum) og skattalækkanir (s.s. tímabundin lækkun tryggingagjalds, niðurfelling gisti-náttaskatts og tollafgreiðslugjalds) og ríkistryggð lán, ásamt eftirspurnarórvandi aðgerðum, s.s. ferðgjöfnni. Aðgerðunum var ætlað að aðstoða fyrirtæki í tímabundnum fjárhagsvanda sem annars gæti leitt til uppsagna eða gjaldþrots og enn dýpri og lengri efnahags-samdráttar. Auðvelduðu þær fyrirtækjum að viðhalda störfum sem var jafnframt ein mikilvægasta aðgerðin til að varðveita fjárhagslegan styrk heimilanna.

Aðgerðir á borð við lengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta, sérstakan barnabótaauka og úttekt séreignarsparnaðar áttu jafnframt þátt í því að varðveita ráðstöfunartekjur heimila og drógu þannig úr samdrætti eftirspurnar.

Átak í opinberum fjárfestingum og auknar endurgreiðsluheimildir VSK juku fjárfestingu í hagkerfinu. Aðgengi að menntun og stuðningur við rannsóknir og þróun voru einnig aukin. Aðgerðirnar voru atvinnu-skapandi og var bæði ætlað að auka eftirspurn til skamms tíma og auka hagvaxtargetu þjóðarbúsins.

Stjórnvöld studdu við ráðningarsambönd, s.s. með hlutabótaleið, en samhliða efnahagsbatanum fór stuðningurinn að beinast að sköpun starfa. Fyrirtæki nýttu ráðningarstyrki í miklum mæli sem varð til þess að hratt dró úr atvinnuleysi þegar leið á árið. Tókst þannig að koma í veg fyrir enn meiri aukningu langtímaatvinnuleysis en slíkt rýrir mannauð og þar með framleiðslugetu þjóðarbúsins.

Aðrar aðgerðir stjórnvalda miðuðu sérstaklega að því að vernda viðkvæma hópa, s.s. börn, langveika og fatlaða.

Þegar leið á árið hafði fjölgun smita sífellt minni áhrif á efnahags-umsvif, innlend eftirspurn var sterk og erlendum ferðamönnum fjölgaði samhliða afléttingu ferðatakmarkana. Kröftugum efnahagsbata fylgdi minnkandi aðsókn í sértæk efnahagsúrræði stjórnvalda. Stuðningur hins opinbera við eftirspurn dróst saman og flest úrræði stjórnvalda runnu sitt skeið undir lok ársins.

Áhrif COVID-19 ráðstafana á ríkissjóð námu 115 ma.kr. á árinu 2021 sem eru 3,6% af landsframleiðslu ársins. Er umfangið litlu meira en á árinu 2020 þegar það nam 97 ma.kr. eða 3,3% af landsframleiðslu. Meginþungi viðbragðsins var í auknum útgjöldum ríkissjóðs en fjárfestingaátakið var stærsta einstaka aðgerðin árið 2021. Umfang fjárfestingaátaksins náði hámarki á árinu þegar það nam 30 ma.kr.

Ef aðrar aðgerðir stjórnvalda sem ekki hafa bein áhrif á ríkissjóð eru taldar með, þ.e. ríkistryggð lán, frestun staðgreiðslu launa og útgreiðsla úr séreignarsjóðum, nemur umfangið 4,4% af landsframleiðslu ársins 2021. Þar að auki ábyrgðist ríkissjóður enn lán til Icelandair fyrir að hámarki 15 ma.kr. og 4,5 ma.kr. vegna Ferðaábyrgðasjóðs.



Fjármála- og efnahagsráðuneytið leiddi vinnu við mótun sértækra efnahagsúrræða sem ætlað var að vinna gegn áhrifum faraldursins, þ.m.t. vinnu við lokunarstyrki, viðspyrnustyrki, tekjufallsstyrki,

stuðningsgreiðslur á uppsagnarfresti, stuðnings- og viðbótarlán auk sérstaks barnabótaauka, fjölbreyttar skattalækkunar og -frestanir, ábyrgðir fyrir Ícelandair og útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Heildarumfang COVID-19 aðgerða 2021 (ma.kr.)



Útgjöld		Skattalækkunar	
Náms- og starfsúrræði	19,2	Aukin endurgreiðsla VSK v/ framkvæmda	9,1
Félags- og heilbrigðismál	12,8	Lækkun bankaskatts	5,7
Tekjufalls- og viðspyrnustyrkir	10,4	Lækkun tryggingagjalds	4,3
Hlutabætur	6,0	Niðurfelling gistináttaskatts	0,8
Endurgreiðsla til rannsóknar og þróunarko.	5,5	Niðurfelling tollafgreiðslugjalds	-0,4
Atvinnuleysisbótaréttur aukinn	4,4	Heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar	3,0
Stuðningur við nýsköpun og þróun	2,5		
Ýmsar aðgerðir	2,4	Frestun skattgreiðslna	
Barnabótaauki	1,6	Staðgreiðsla launa (heildarfrestun)	3,0
Ferðagjöld I og II	1,5		
Lokunarstyrkur	0,5	Ábyrgðir	
Styrkur Rauði kross Íslands, Landsbjörg og	0,3	Brúarlán/viðbótarlán	2,8
Styrkur til langtímaatvinnulausra	0,3	Stuðningslán	10,0
Greiðslur launa í sóttkví	0,2	Ábyrgð á láni Ícelandair	15,0
		Ábyrgð á láni Ferðaábyrgðarsjóðs	4,5
Fjárfesting			
Fjárfestingaáttak	30,0	Útgreiðsla séreignarsparnaðar	
		Útgreiðsla séreignar	12,8

Tekjuöflun ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðherra fer með tekjuöflun ríkissjóðs en það felur í sér stefnumótun og áætlunargerð skatta, eignatekna og annarra tekjustofna. Í fjárlögum ársins 2021 voru heildartekjur áætlaðar 774 ma.kr. Áætlunin var unnin haustið 2020 í miðjum kórónuveirufaraldri og einkennist þar með af töluverðri óvissu. Á þessum tíma var m.a. ákveðið að lækka tryggingagjald í eitt ár og framlengja bæði auknar VSK-endurgreiðslur undir yfirskriftinni „Allir vinna“ og heimildir til að fresta staðgreiðslu af launum. Var þetta gert til að bregðast við efnahagslegum áhrifum faraldursins.

Frá því áætlunin var unnin hafa efnahagsforsendur breyst til hins betra. Það endurspeglast í hærri tekjum en framvinda efnahagsmála hefur mikil áhrif á tekjur ríkissjóðs af sköttum og tryggingagjöldum. Umræddir tekjustofnar eru rúmlega 90% af tekjum ríkissjóðs og er því um mjög mikilvæga tekjustofna að ræða. Skatttekjur og tryggingagjöld voru áætluð 708 ma.kr. í fjárlögum en reyndust vera 799 ma.kr. í uppgjöri samkvæmt sama staðli. Á myndinni hér að neðan má sjá breytingu á skatttekjum og tryggingagjöldum milli samþykktra fjárlaga og lokaniðurstöðu samkvæmt ríkisreikningi.

Skatttekjur reyndust 91 ma.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum 2021
Breyting á skatttekjum milli fjárlaga og ríkisreiknings 2021 m.v. GFS-staðal (ma.kr.)





Sjálfbær rammi um græna fjármögnun ríkissjóðs

Ísland hefur sterka ímynd sem „grænt land“ sem byggir á kolefnisfótspori þess, innlendri, endurnýjanlegri orkunotkun og hreinu lofti og náttúru.

Haustið 2020 skipaði fjármála- og efnahagsráðherra hóp sem fékk það verkefni að kanna möguleika ríkissjóðs á grænni eða sjálfbærri fjármögnun. Verkefnahópurinn fékk til liðs við sig ytri ráðgjafa sem vann með hópnum. Áfangaskýrsla með tillögum að næstu skrefum var send ráðherra í ársbyrjun 2021. Stór þáttur í vinnu hópsins var að greina fjárlög og fjármálaáætlun með tilliti til mögulegra hæfra „grænna“ verkefna.

Drög að sjálfbærum ramma lágu fyrir í maí 2021 og í kjölfarið var ytri umsagnaraðili, CICERO shades of green, valinn til að votta rammann. Sjálfbær fjármögnunarrammi ríkissjóðs var síðan birtur í september. Ramminn endurspeglar þau skýru markmið sem stjórnvöld hafa sett um sjálfbærni og þær alþjóðlegu skuldbindingar í loftslagsmálum sem Ísland er hluti af. Fjármögnunarramminn tók bæði til skoðunar flokkunarkerfi ESB (EU taxonomy) og bestu markaðsvenjur (s.s. Green Bond Principles).

Álit umsagnaraðila var birt samhliða og hlutu græn eða blá verkefni, sem yrðu fjármögnuð með þessum hætti, dökkgræna einkunn sem er sú hæsta mögulega fyrir þann flokk. Einkunnin gefur til kynna að verkefni sem á að fjármagna stuðli að langtímasýn í átt að lágkolefnaframtíð og aðlögun að loftslagsbreytingum. Með rammanum getur ríkissjóður fjármagnað sig á sjálfbæran hátt, m.a. með útgáfu grænna eða annars konar merktra skuldabréfa, innanlands eða erlendis.


Verkefni sem falla undir sjálfbæra fjármögnunarrammann fjármagna skilgreind útgjöld ríkissjóðs sem falla í eftirfarandi þrjá flokka: 1. græn verkefni (loftslags- og umhverfismál), 2. blá verkefni (loftslags- og umhverfismál tengd hafinu, sjávarútvegi og tengdum greinum) og 3. félagsleg verkefni. Sem dæmi um verkefni má nefna orkuskipti í bílafloata, Stafrænt Ísland, grænar byggingar, rafvæðingu hafna, félagslegt húsnæði og jafnréttismál.

Útgáfa sjálfbærra skuldabréfa krefst ríkrar upplýsingagjafar og skuldbindingar um að verja fjármunum með þeim hætti sem lofað er í útgáfulýsingu. Umhverfisleg eða félagsleg áhrif skipta höfuðmáli og gera þarf grein fyrir þeim með reglubundnum hætti á líftíma skuldabréfanna.

Sjálfbær innkaup

Ráðuneytið fer með málaflokkinn opinber innkaup og undir það falla öll vörukaup, þjónustukaup og verklegar framkvæmdir ríkisins sem eru yfir útboðsmörkum. Miklar fjárhæðir eru undir og ríkir hagsmunir að vandað sé til verka. Á árinu var gefin út stefna um sjálfbær innkaup og þar sett fram sú sýn að innkaup ríkisins séu **framsækin** og **sjálfbær** og taki mið af umhverfis- og loftslagssjónarmiðum. Innkaup byggja á skilgreindum markmiðum og greiningu gagna, séu framkvæmd á gagnsæjan hátt og stuðli að samkeppni og nýsköpun. Innkaupafólk ríkisins vinni störf sín af þekkingu og heiðarleika og mæti nýjum áskorunum í samvinnu við markaðinn. Fjármunir séu nýttir á samfélagslega ábyrgan hátt með hagsæld landsins og góða þjónustu við almenning að leiðarljósi.

Sett voru fram fjögur meginmarkmið, sjálfbær innkaup, hagkvæm, nýskapandi og gagnsær innkaup. Starfsemi Ríkiskaupa var endurskipulögð til að vinna að aðgerðaáætlun sem kynnt var á sama tíma, og ráðuneytið hefur ásamt Ríkiskaupum unnið að fjöldamörgum aðgerðum í samvinnu við Umhverfisstofnun, Fjársýslu ríkisins og aðrar stofnanir. Á árinu fóru Ríkiskaup í fjölmörg sameiginleg innkaup, m.a. á tölvubúnaði og hugbúnaðarleyfum, og jók aðgengi markaðsaðila að samtali við opinbera aðila með nýsköpunarmótum og aukinni áherslu á samstarf í nýsköpun. Ríkiskaup nýttu vistvæn skilyrði í yfir 80 verkefnum og 36 af 47 rammasamningum á árinu, fór í heimsóknir og átti samtöl við yfir 25 stofnanir með það að leiðarljósi að rýna leiðir til aukinnar nýsköpunar í rekstrinum. Innkaupaskóla var komið á laggirnar og unnið að námskrá til að auka fræðslu ríkisaðila á innkaupum. Fjársýsla ríkisins vann að því að bæta aðgengi að samanburðartölum á vissum útgjöldum ríkisaðila til greininga. Öll þessi verkefni voru hluti af aðgerðaáætluninni og hluti af þeirri vegferð að gera rekstur ríkisins sjálfbærari og hagkvæmari.





Stafrænt Ísland

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með stefnumótun stjórnvalda um upplýsingatækni. Á vegum ráðuneytisins er starfrækt verkefnastofa um Stafrænt Ísland sem vinnur að framgangi verkefna þvert á stofnanir ríkis og sveitafélaga með það að markmiði að stórefla stafræna þjónustu.

Stefna og markmið Stafræns Íslands er að einfalda líf fólks með því að bæta opinbera þjónustu með stafrænum lausnum. Megináhersla er lögð á þríþættan ávinning:

- **Spara fólki tíma**
- **Auka hagræði**
- **Auka jákvæð umhverfisáhrif**

Árið 2021 fór þungi vinnu Stafræns Íslands í að treysta þau grunnkerfi sem öll verkefni byggja á og stórum áföngum í fjölmörgum verkefnum var náð.

Nýjar og endurbættar Mínar síður á Ísland.is voru gefnar út á árinu, en þar koma opinberar stofnanir persónulegum gögnum til fólks og fyrirtækja á öruggan hátt.

Mínar síður byggja á endurbættri innskráningarþjónustu sem er öruggari í notkun. Í tengslum við örugga innskráningu fór af stað vinna við **nýtt umboðskerfi** sem gefur einstaklingum möguleika á að skrá sig inn fyrir hönd fyrirtækja eða einstaklinga hafi þeir umboð til. Þessi umboðsvirkni styrkir öryggi gagna og tryggir rekjanleika.

Fyrsta útgáfa **af Ísland.is appinu** fór í notendaprófanir vorið 2021. Í þessari fyrstu útgáfu var stafræna pósthólfíð gert aðgengilegra, staða umsókna sem og ökuskírteini. Von er á fleiri skírteinum á borð við skotveiðileyfi, vinnuvélaskírteini og örorkuskírteini svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu náðust risavaxnir áfangar vegna **rafrænna þinglýsinga**. Í byrjun árs fór í gegn fyrsta rafræna aflýsingin á íbúðarláni en umfangsmikil undirbúningsvinna hafði þegar átt sér stað sem tryggði öruggan flutning gagna milli ólíkra hagsmunaaðila. Annar áfangi náðist í júní þegar rafræn þinglýsing endurfjármögnunar var gerð möguleg og enn annar stór áfangi náðist í október þegar fyrsta rafræna þinglýsing veðskuldabréfs fór í gegn en það var veðskuldabréf vegna bílaláns. Veðskuldabréf voru þriðja tegund þinglýstra skjala þar sem opnað er á rafræna þinglýsingu, en flest skjöl eru í þeim flokki og því mikill ávinningur að hægt sé að þinglýsa þeim rafrænt.




Í mars 2021 fékk Ísland.is viðurkenningu fyrir aðgengismál sem og verðlaun sem besti opinberi vefurinn 2020.

Nýjung á Ísland.is er svokallaðir **stofnanavefir** en Sýslumenn voru fyrstir til að nýta sér þann möguleika þegar þeir fluttu vefsvæði sitt í maí 2021.

Stafrænt Ísland fór í annað útboð hugbúnaðarteyma á árinu en samið var við 20 hugbúnaðarteymi í samstarfi við Ríkiskaup eftir vel heppnað útboð. Samningurinn er umfangsmikill en áætlað er að verkefni sem falla undir hann nemi um 150-200 þúsund tímum á næstu tveimur árum.


Aukning rafræna aflýsinga á þinglýstum skjölum



COVID-19 verkefni tóku enn drjúgt pláss þegar kom að stafrænum lausum. Fjöldi viðspyrnuverkefna var framlengdur, t.a.m. ferðagjöf. Vegna mikils álags á þeim sem koma að móttöku erlendra ferðamanna var sett upp sérstakt upplýsingasvæði á [Ísland.is/Entry](https://www.island.is/Entry). Þar gátu ferðamenn fundið einfaldar og auðskiljanlegar leiðbeiningar og leyst sjálfir úr eigin fyrirspurnum en þetta minnkaði álag á marga aðila, s.s. borgaraþjónustu, ráðuneyti, lögreglu, COVID-vef og Landlækni en vefurinn fékk yfir 720 þúsund heimsóknir á því tæpa ári sem hann var í notkun. Ísland.is fékk **2,7 milljónir heimsóknna** árið 2021.

Stafræn umsókn um **fæðingarorlof** fór í notendaprófanir vorið 2021 og var svo gerð aðgengileg á Ísland.is í desember 2021.

- **Fjárhagslegur ávinningur verkefnisins:** var metinn á um 120 m.kr. árlega.
- **Bætt þjónusta:** fór frá því að umsækjendur þurfi að sækja gögn til þriggja aðila í að geta gert allt ferlið stafrænt.
- **Einfaldar líf fólks:** ferlið nær til um 14 þúsund einstaklinga og þúsunda vinnuveitenda árlega.
- **Umhverfisávinningur:** Minnkuð pappírnotkun og skjöl birt stafrænt.





13.563 sakavottorð voru gefin út á árinu og þar af 9.565 á stafrænu formi eða um 70%. Þau ferli sem hafa verið gerð stafræn á árinu eru flest 70–100% af heildinni.

Stafræn ökuskírteini eru nú orðin rúmlega 130 þúsund.

Ísland varð á árinu í sjöunda sæti Evrópuþjóða þegar kemur að stafrænni þjónustu í árlegri könnun Evrópusambandsins, [eGovernment Benchmark](#). Könnunin náði til 36 landa, en Ísland hækkar um fjögur sæti milli ára og nálgast hratt markmiðið um að vera meðal fremstu þjóða í stafrænni opinberri þjónustu með þarfir notenda að leiðarljósi.


Niðurstaðan sýnir að Ísland er vel yfir meðaltali í þremur af fjórum flokkum könnunarinnar. Hún leiðir einnig í ljós hvað þarf að hafa í huga til að bæta stafræna þjónustu enn frekar og er vinna við þau atriði þegar hafin. Markmiðið er að Ísland styrki stöðu sína enn frekar á þessu sviði á næstu árum.

Betri vinnutími í vaktavinnu innleiddur

Betri vinnutími í vaktavinnu var innleiddur á árinu. Gert var ráð fyrir að breytingarnar myndu auðvelda fólki að vinna í fullu starfi með styttri vinnutíma. Þannig var vonast til að fleira starfsfólk myndi velja sér fullt starf eða hærra starfshlutfall og hækka þ.a.l. launin sín. Þar sem konur eru í meiri hluta í vaktavinnustéttum var vonast til að aðgerðirnar hefðu jákvæð áhrif á jafnrétti kynjanna.

Innleiðing betri vinnutíma í vaktavinnu skilaði sannarlega árangri í rétta átt. Eftirfarandi mynd sýnir að eftir innleiðingu betri vinnutíma í vaktavinnu þann 1. maí 2021 jókst hlutfall ríkisstarfsfólks í fullu starfi en hlutfall þeirra sem voru í hlutastarfi minnkaði. Einnig sést að aðgerðirnar höfðu hlutfallslega meiri áhrif á störf kvenna en karla.

Hlutfall starfsmanna í fullu starfi og hlutastarfi (20-99%) eftir kyni




Innri starfsemi

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði enn mikil áhrif á starfsemi ráðuneytisins á árinu. Sóttvarnaaðgerðir voru til staðar stóran hluta ársins og einnig var talsvert um sértæk verkefni og úrræði tengd faraldrinum. Í kjölfar kosninga og í framhaldi af stjórnarskiptum urðu ekki verulegar breytingar á verkefnum og ábyrgðarsviði ráðuneytisins. Þó þær breytingar urðu á verkefnum að hluti upplýsingasamfélagsins færðist frá ráðuneytinu til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis (HVIN) og málefni ríkisaðstoðar færðust til menningar- og viðskiptaráðuneytisins (MVF). Starfsemin tók mið af leiðarstefjum í ársáætlun og stutt var við framgang verkefna með innleiðingu á faglegri verkefnastýringu og þverfaglegri teymisvinnu. Lögð var áhersla á að nýta hæfni og þekkingu sérfræðinga ráðuneytisins sem best og auka þannig árangur í innra starfi og þekkingardreifingu innan ráðuneytisins. Þekkingaruppbygging og fræðsla var fastur liður í starfseminni, með reglulegum fræðslufyrirlesturum og innleiðingu rafræns fræðslukerfis.

Í desembermánuði tók ráðuneytið þátt í könnuninni Stofnun ársins og náði þar þeim árangri að bæta árangur sinn í flestum flokkum milli ára og skipa annað sætið í flokki ríkisstofnana og sjálfseignarstofnana með 90 starfsmenn eða fleiri. Það er stefna ráðuneytisins að vera hvetjandi vinnustaður þar sem fagleg stjórnun er viðhöfð og starfsfólk nýtur sjálfstæðis, sveigjanleika og tækifæra til þekkingaruppbyggingar og starfsþróunar. Áhersla er á góðan aðbúnað, heilsuvernd, uppbyggilegan starfsanda og samskipti byggð á virðingu fyrir málefnum og einstaklingum. Viðfangsefni ráðuneytisins eru leyst með gildi ráðuneytisins að leiðarljósi; frumkvæði, fagmennsku og árangur.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið starfar eftir jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins og jafnlaunaúttekt fór fram í desember 2021. Ekki mældist munur á launum karla og kvenna innan ráðuneytisins.

Skipurit fjármála- og efnahagsráðuneytisins



101

Fjöldi starfsmanna

49

Fjöldi karla

57

Fjöldi kvenna

48

Meðalaldur

7



Meðalstarfsaldur

Langflestir starfsmenn ráðuneytisins eru háskólamenntaðir, eða 9 af hverjum 10, og bakgrunnur starfsfólks er fjölbreyttur. Algengasta menntun sem fólk hefur er lögfræði, hagfræði og viðskiptafræði, en í ráðuneytinu starfar einnig fólk með bakgrunn í hugvísindum, félagsvísindum og upplýsingafræði.

Ráðuneytið leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og draga markvisst úr umhverfisáhrifum af starfseminni. Stefnt er að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda en jafnframt að minnkuðu umhverfisspori í víðara samhengi og hefur undanfarin ár verið unnið að því að innleiða grænu skrefin.

Á árinu 2021 lauk ráðuneytið við fimmta græna skrefið. Þar þarf að uppfylla 26 aðgerðir sem fela m.a. í sér að meta þýðingarmikla umhverfispætti í starfseminni, skilgreina hlutverk og skuldbindingu æðstu stjórnenda og samþykkja loftslagsstefnu en ráðuneytið nýtir loftslagsstefnu Stjórnarráðsins, setja markmið og aðgerðaáætlun, upplýsa og fræða starfsmenn, útbúa verklagsreglur og eftirfylgni. Þá hefur samgöngusamningur ráðuneytisins við starfsfólk sem kýst vistvænan ferðamáta til og frá vinnu fjölgað, eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Fjöldi samgöngusamninga



Tölfræði um starfsemi 2021

1.026

Fjöldi mála

15.001

Fjöldi skjala

26

Skriflegar fyrirspurnir frá Alþingi
(+ 3 munnlegar)

29

Frumvörp og þings-
ályktunartillögur á Alþingi

25

Beiðni um aðgang að gögnum
(sérstök mál)

343

Fyrirspurnir

152

Fréttir á vef

Málefnasvið og málaflokkar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber alfarið ábyrgð á þremur málefnasviðum og að hluta fimm öðrum málefnasviðum en málaflokkar sem eru á ábyrgð ráðuneytisins eru samtals 15. Undir ráðuneytið heyra sex A-hluta stofnanir sem tilheyra þrem málaflokkum:

05.1 Skattar og innheimta	05.2 Eignaumsýsla ríkisins	05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins
Skatturinn	Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE)	Fjárþýsla ríkisins
Yfirskattanevnd	Bankasýsla ríkisins	Ríkiskaup

Fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:

- **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.**
- **33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar.**
- **34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.**



Auk þess ber ráðherra að hluta ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:

- 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. málefni upplýsingasamfélagsins í málaflokki 06.1.
- 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar í málaflokki 16.1.
- 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks, sbr. jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða í málaflokki 27.5.
- 29 Fjölskyldumál, sbr. barnabætur í málaflokki 29.1.
- 31 Húsnæðisstuðningur, sbr. húsnæðisstuðning í málaflokki 31.1.


Myndin sýnir fjárhagslegt umfang fjármála- og efnahagsráðuneytis skipt eftir málefnasviðum árið 2021.

Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu.

Alls námu heildarútgjöld, þ.e. gjöld og fjárfestingar, þeirra málaflokka sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á 194,4 ma.kr. árið 2021.

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. Rekstur málefnasvið og málaflokka.

Stofnanir

Átta stofnanir heyra undir ráðuneytið og ein ráðuneytisstofnun. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar forstöðumenn stofnananna.

Helstu breytingar í einstökum stofnunum árið 2021

Stofnunum fækkaði um tvær á árinu. Þann 1. maí 2021 tóku gildi lög sem fólu í sér að embætti skattrannsóknarstjóra sameinaðist embætti ríkisskattstjóra og varð sérstök eining innan Skattsins. Markmiðið með breytingunum er að styrkja enn frekar eftirlit og rannsóknir á skattundanskotum.

Frá og með 15. september sameinuðust Framkvæmdasýsla ríkisins og Ríkiseignir undir heitinu Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir. Er sameiningunni ætlað að leiða til aukinnar skilvirkni, betri þjónustu og þar með fjárhagslegs ávinnings.

Stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eru:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — Forstjóri Ívar J. Arndal

Hlutverk: ÁTVR hefur með höndum innkaup á áfengi til smásölu og tóbaki til heildsölu, birgðahald og dreifingu á áfengi til áfengisverslana, rekstur áfengisverslana og þjónustu við viðskiptavinum, birgðahald, heildsölu og dreifingu á tóbaki, að tryggja að allt tóbak sé merkt samkvæmt lögum um tóbaksvarnir og álagningu og innheimtu tóbaksgjalds.

Bankasýsla ríkisins — Forstjóri Jón Gunnar Jónsson

Hlutverk: Bankasýslan fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma.

Fjársýsla ríkisins — Forstjóri Ingbór Karl Eiríksson

Hlutverk: Fjársýslan sér um fjármál ríkisins og er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármála- tengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir — Forstjóri Guðrún Ingvarsdóttir

Hlutverk: FSRE hefur umsjón með mótun og rekstri aðstöðu sem nýtist öllum íbúum landsins með einum eða öðrum hætti. Stofnunin annast fasteignir og jarðir ríkisins, aflar húsnæðis og stýrir framkvæmdum við breytingar, endurbætur og nýbyggingar.





Náttúruhamfaratrygging Íslands

– Framkvæmdastjóri Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Hlutverk: Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur það hlutverk að váttryggja helstu verðmæti gegn náttúruhamförum.

Ríkiskaup

– Forstjóri Björgvin Víkingsson

Hlutverk: Ríkiskaup annast beina framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir stofnanir og fyrirtæki í rekstri ríkissjóðs og er þetta fyrirkomulag bundið í lög og reglugerðir. Einnig styður starfsemin við nýsköpun hins opinbera.

Skatturinn

– Ríkisskattstjóri Snorri Olsen

Hlutverk: Skatturinn er þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Með virku eftirliti, rannsóknum og tollgæslu er stuðlað að jafnræði og virkri samkeppni og leggur stofnunin sitt af mörkum til að vernda samfélagið.

Yfirskattanefnd

– Formaður Sverrir Örn Björnsson

Hlutverk: Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnsýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Úrskurðarvald yfir-

skattanefndar tekur m.a. til kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, ágreinings innflytjenda og tollyfirvalda í tollamálum og úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt.

Umbra

– Framkvæmdastjóri Viktor Jens Vigfússon

Hlutverk: Umbra er ráðuneytisstofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Helsta hlutverk Umbra er að vera miðstöð innri þjónustu og þróunar sem gerir ráðuneytunum kleift að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna



Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og tíunduð þau verkefni sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi markmiða á árinu. Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2021 í fjármálaáætlun 2021–2025 eru gerðir upp og sömuleiðis aðgerðir ársins, sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021. Fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs eru birtar í [fylgiriti með fjárlögum](#).

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Staða aðgerða eftir málaflokkum í árslok 2021 er birt á mynd 1. Hver aðgerð er merkt eftir ofangreindu stöðumati og sýnir yfirlitið stöðu allra aðgerða ráðuneytisins sem í ár voru 39 talsins. Málaflokkarnir eru eðlisólíkir og aðgerðirnar sem skilgreindar eru ná yfir mismunandi tímabil sem skýrir að hluta mismunandi stöðu aðgerða í árslok 2021. Af þeim 39 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpinu, er varða málaflokka ráðuneytisins, var 31 þeirra lokið eða í vinnslu í lok árs. Átta aðgerðir voru í undirbúningi.


Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
5.1 Skattar og innheimta	● 2	● 1	● 4			7
5.2 Eignaumsýsla	● 2		● 4	● 3		9
5.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins	● 2	● 4	● 1	● 2		9
5.4 Stjórnarsýsla ríkisfjármála		● 1	● 3	● 2		6
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	● 1		● 1			2
16.1 Markaðseftirlit og neytendamál	● 1			● 1		2
33.1 Fjármagnskostnaður				● 2		2
33.2 Ríkisábyrgðir		● 1				1
33.3 Lífeyrisskuldbindingar				● 1		1
Samtals aðgerðir	8	7	13	11		39

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið

Mynd 1. Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka.





05.1 Skattar og innheimta

Í fjárlögum fyrir árið 2021 voru skilgreind þrjú markmið fyrir mála- flokk 05.1 Skattar og innheimta. Eftirfarandi markmið málaflokksins miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar. Stefnt er að aðgengilegri upplýsingagjöf um forsendur þeirra skatta sem einstaklingar og fyrirtæki greiða. Með aðgerðum í tengslum við málaflokkinn er stefnt að skilvirkum og gagnvirkum samskiptum við einstaklinga og fyrirtæki. Í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum er í málaflokknum einnig lagt upp með það markmið að greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum sem tengist jafnframt framkvæmd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

1. **Bæta skattskil og tekjuöflun til sameiginlegra útgjalda.**

2. **Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.**

3. **Greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum.**

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2021–2025 fyrir árið 2021 og stöðunnar í lok ársins 2021. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Bæta skattskil og tekjuöflun til sameiginlegra útgjalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall þeirra sem skila upplýsingum innan tímamarka:			
a) skattframtöl einstaklinga,	a) 93,7%	a) 96,5%	a) 94,2%
b) framtöl lögaðila,	b) 86%	b) 84%	b) 85,8%
c) virðisaukaskattsskýrslur.	c) 92,7%	c) 96%	c) 95%
Innheimtuhlutfall vegna			
a) tekjuskatts einstaklinga,	a) 84,9%	a) 89%	a) 86,6%
b) tekjuskatts lögaðila,	b) 95,8%	b) 91,5%	b) 97%
c) virðisaukaskatts.	c) 85%	c) 96%	c) 85,1%
Afskriftir opinberra gjalda sem hlutfall af heildarskatttekjum.	2,57%	1,5%	2,4%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Skattrannsóknir og – eftirlit eftt, m.a. með áherslu á áhættustjórnun og að uppræta peningabætti.	<p>● Hinn 1. maí 2021 var embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins lagt niður og verkefni þess flutt til Skattsins. Sérstakt eftirlits- og rannsóknarsvið innan Skattsins fer nú með skatteftirlit, rannsóknir á skattalagabrotum og ákvarðanir sekta vegna slíkra brota. Í breytingunni felst að skýrt er nánar fyrirkomulag rannsóknar í kjölfar skattalagabrota sem eiga að stuðla að því að gera kerfið gagnsærra og skilvirkara. Þannig hefur réttaröryggi einstaklinga við rannsókn skattalagabrota verið styrkt og hefur þar einkum verið horft til styttingar málsmeðferðartíma og einföldunar málsmeðferðar.</p>	2018–2022
Endurskoðun tryggingagjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnu- og almenna tryggingagjaldsins.	<p>● Áformað er að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, á árinu 2022. Sú vinna er langt komin en með frumvarpinu verður lagt til að prósentur tekna vinnumarkaðs- sjóðanna af tryggingagjaldinu og vægi tryggingagjaldsins í útgjöldum lífeyris- og slysatrygginga almennatrygginga verði stillt af til að samræma tekjurnar betur við fjárþörf sjóðanna á komandi árum og til að styrkja sveiflujöfnunarhlutverk atvinnu- og almenna tryggingasjóðs.</p>	2021–2022

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Greining áhrifa af endurskoðun á tekjuskatts- og bótakerfum á jafnrétti kynjanna.	<ul style="list-style-type: none"> Ákvarðanir um tekjuöflun ríkisins fela í sér félagslega og efnahagslega forgangsröðun stjórnvalda. Vegna ólíkrar stöðu karla og kvenna innan samfélagsins hafa þessar ákvarðanir mismunandi áhrif á kynin sem taka þarf mið af. Við framtíðarákvarðanatöku um breytingar á tekjuöflun ríkisins verður haft að leiðarljósi að greina mismunandi áhrif skattkerfisins á kynin. 	2020–2022

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Markmið 2: Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi gjalddaga.	206 gjalddagar á 69 dögum ársins.	Að hefja endurskoðun gjalddaga til jöfnunar á sveiflum á stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma.	206 gjalddagar á 69 dögum ársins.
Innheimtukostnaður ríkissjóðs.	530 m.kr.	5% lækkun frá 2019.	462,7 m.kr. (16% lækkun frá 2019).

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Aukin áhersla á rafræn skil og sjálfvirkni í innheimtu með aðgengilegri þjónustu og sjálfsafgreiðslu. ¹	<ul style="list-style-type: none"> Starfsemi skattfyrvalda fer að langmestu leyti fram með rafrænum hætti og hafa rafræn skil vaxið jafnt og þétt með ári hverju. Á árinu 2021 var lögð áhersla á að sameina allar fyrirsurnir, kærur, erindi og önnur samskipti í rafrænan farveg á þjónustuvef skattfyrvalda líkt og árið á undan. Stefnt er að enn frekari áherslu á rafræn skil á komandi árum. 	2018–2024

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

¹ Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 í málaflokki 6.1

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Þróa samræmda aðferðafræði við mat á skattgapinu sem er mismunurinn á þeim tekjum sem myndu fást ef skattskil væru fullkomin miðað við gildandi skattkerfi og þeim tekjum sem raunverulega skila sér.	● Unnið verður að því í samráði við Skattinn að þróa samræmda aðferðafræði til að meta skattgapið. Minnkun skattgapsins er líkleg til að afla ríkissjóði tekna án þess að til komi hækkun skatta. Þekkt er þó að ekki er auðvelt að meta þær fjárhæðir sem tapast vegna skattsvika.	2021–2024
Skoða með heildstæðum hætti skatta og skattaívilnanir sem varða stefnumörkun í umhverfismálum.	● Starfshópur var settur á fót í byrjun árs 2021 sem fékk það hlutverk að fara með heildstæðum hætti yfir skatta og skattaívilnanir á sviði umhverfismála, m.a. með tilliti til aðgerðaáætlunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, plastmálefnum o.fl.	2020–2022

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall skráðra nýorkubifreiða af nýskráningu bifreiða. ²	Nýr mælikvarði 2021.	30%	51%

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Endurskoðun á gjaldtöku í samgöngum með það að markmiði að framtíðarskattlagning ökutækja byggist í auknum mæli á notkun og tæknilegri útfærslu hennar. ³	● Verkefnisstjórn um skattlagningu á notkun ökutækja skilaði tillögum að framtíðarstefnu um sjálf-bæra skattlagningu ökutækja um mitt ár 2021. Fram undan er vinna að innleiðingu og nánari útfærslu á framtíðartekjuöflun ökutækja.	2019–2022

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

² Bifreið sem gengur fyrir metani, metanóli, rafmagni, vetni eða er tengtívinnbifreið.

³ Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 17.5.



05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Með fjárlögum fyrir árið 2021 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk **05.2 Eignaumsýsla ríkisins**.

1. **Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær rekstur félaga í eigu ríkisins.**
 2. **Bætt yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.**
 3. **Tryggja sjálfbærni og hagkvæma nýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.**
-

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2021–2025 og stöðunnar í lok ársins 2021. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær rekstur félaga í eigu ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Samfélagslegur ávinningur: Hlutfall félaga í eigu ríkisins sem sett hafa sér mælanleg samfélagsleg markmið tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.	40%	40%	40%
Fjárhagslegur ávinningur: Hlutfall félaga í eigu ríkisins sem fara að settri arðsemiskröfu eigin fjár undangengin þrjú ár.	10%	40%	10%
Bætt samskipti við almenning: Hlutfall félaga í eigu ríkisins sem birta lykluþýsingar um starfsemi og rekstur á gagnsæjan og aðgengilegan hátt á vefsíðu félagsins.	Nýr mælikvarði.	50%	50%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1**Framkvæmt 2021****Tímabil aðgerða**

Unnið verður áfram í þróun á miðlægum gagnagrunni og framsetningu á upplýsingum um ríkisfyrirtæki. Upplýsingar úr ársreikningum og stjórnarskipan félaganna verða aðgengilegar almenningi á Stjórnarráðsvefnum. Gefin verður út ársskýrsla um ríkisfélög ásamt því að innleiða ferli um öflun kyngreindra tölfræðigagna, greiningu og reglubundna birtingu á þeim.

● Fyrsta ársskýrsla ríkisfyrirtækja kom út í lok ársins 2021 þar sem fjallað er um rekstur og starfsemi fyrirtækjanna á árinu 2020. Ársskýrslan mun hér eftir verða birt í september ár hvert á íslensku og ensku. Áframhaldandi þróun varðandi öflun kyngreindra upplýsinga í gagnagrunn ráðuneytisins og greiningar birtar í grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar.

2021

Gefin verður út endurskoðuð almenn eigandastefna ásamt reglum um val og hæfniskröfur stjórnara félaga í eigu ríkisins.

● Ný og endurskoðuð almenn eigandastefna var gefin út í september 2021.

2020–2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
<p>Upplýsingafundur með stærrí félögum ríkisins verða formfestir. Á árlegum fundum verður farið yfir áætlanir til fimm ára og stefnu félaganna ásamt því að meginreglum, viðmiðum og markmiðum eigandastefnu verður fylgt eftir.</p>	<p>● Haldinn var fundur með stærrí félögum og þeim sem voru að takast á við miklar áskoranir í umhverfinu. Ársfundur ríkisfyrirtækja í meirihluta eigu ríkisins verður haldinn í fyrsta skipti á árinu 2022.</p>	2021–2022
<p>● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið</p>		

Markmið 2: Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall eigna sem eru í miðlægrí umsýslu ríkisins.	55% fasteigna 84% jarða	75%	60% fasteigna 85% jarða
Hlutfall jarða og auðlinda sem skráðar eru í miðlægan korta- og landupplýsingagrunn um ríkisjarðir.	81% jarða 36% auðlinda	65%	93% jarða 36% auðlinda
Hlutfall húsnæðis í eigu ríkisins í markaðsleigu eða leigu byggðri á kostnaðargrunni.	55%	75%	60%

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
<p>Ljúka við eignfærslu allra eigna ríkisins í samræmi við breyttar reikningsskilareglur og taka upp markaðsleigu fyrir fasteignir ríkisins.</p>	<p>● Áfram var unnið við að ljúka við eignfærslu eigna ríkisins í ríkisreikningi og upptöku á markaðsleigu, einkum vegna fasteignasafns Háskóla Íslands.</p>	2019–2023
<p>● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið</p>		

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Gera fjárfestingaáætlun til fimm ára vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins.	● Vinna við mótun heildstæðrar fjárfestingaáætlunar frestaðist vegna ákvörðunar um að vinna að sérstöku frumvarpi um fjárfestingar ríkisins.	2021–2023
Vinna að mótun sérhæfðra eignumsýslueininga vegna umsjónar fasteigna á vegum Háskóla Íslands og Landspítalans.	● Gengið var frá stofnun sérstaks fasteignafélags vegna umsjónar á fasteignum sem nýttar eru undir Háskóla Íslands.	2021–2022

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Tryggja sjálfbærni og hagkvæma nýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall auðlindasamninga sem uppfylla kröfur almenns ramma sem unnið er að um nýtingu auðlinda í eigu ríkisins.	Ólokið	40%	Ólokið
Áætlaðar tekjur af sérleyfum vegna hagnýtingar á landi, náttúru eða auðlindum.	Ólokið	Tugir milljóna	Ólokið
Hlutfall ríkisjarða í sjálfbærri nýtingu.	Nýr mælikvarði	30%	Ólokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Vinna að nýrri rammalöggjöf um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni þannig að fyrir liggi skýrar og samræmdar reglur um nýtingu, úthlutun réttar til nýtingar og þær aðferðir sem ríkið þarf að hafa yfir að ráða til að stýra aðgengi og nýtingu til framtíðar.	● Frumvarp um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni varð að lögum í byrjun ársins 2021. Unnið er að setningu reglna og reglugerða vegna nánari útfærslu á lagarammanum.	2021–2023

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið


Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Próa langtímaáætlun um ráðstöfun auðlinda og eigna í ríkiseigu.	● Vinna við þróun langtímaáætlunar um ráðstöfun auðlinda og eigna í ríkiseigu frestaðist vegna ákvörðunar um að vinna að sérstöku frumvarpi um fjárfestingar ríkisins.	2021–2023
Ljúka greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnupplýsingakerfi.	● Vinna stendur yfir á vegum FSRE við að ljúka greiningu og skráningu upplýsinga í korta- og landgrunnupplýsingakerfi.	2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

05.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins

Í fjármálaáætlun 2021–2025 voru skilgreind þrjú markmið fyrir mála- flokk **05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins**. Eftirfarandi markmið mála- flokksins miða að bættri þjónustu ríkisstofnana við almenning og fyrirtæki í landinu með aukinni sjálfsafgreiðslu, betri rekstri og markvissri mannauðsstjórnun.

1. **Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana.**
 2. **Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu.**
 3. **Auka getu ríkisstofnana til að veita góða kjarnaþjónustu.**
-



Markmið 1: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Ánægja almennings með þjónustu ríkisstofnana.	3,9	4,0-4,2	4,0
Fjöldi sjálfsafgreiðsluferla aðgengilegur almenningi á miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is (sjá einnig málaflokk 6.1).	Nýr mælikvarði	1200	931 ⁴
Frammistaða í stafrænni þjónustu stjórnvalda, mæld á bilinu 0–1, í bakgrunnsmælingu UN EF (sjá einnig málaflokk 6.1).	0,79	0,85	0,79 ⁵

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Áframhaldandi hröðun innleiðingar á stafrænum þjónustuferlum hins opinbera til að allar helstu umsóknir og leyfisveitingar verði aðgengilegar í sjálfsafgreiðslu á Ísland.is. ⁶	● Nýtt umsóknarkerfi var gefið út í byrjun árs sem stofnunum stendur til boða að nýta til að færa þjónustuferla yfir í sjálfsafgreiðslu. Umsóknarkerfið er byggt á traustari grunni sem þolir betur álag vegna fjölda umsækjenda. Umsóknirnar skila sér beint inn í starfskerfi stofnana og fækka því handtökum starfsmanna. Dæmi um umsóknir sem fóru í loftið árið 2021 í nýju umsóknarkerfi eru umsóknir um sjúkratryggingu, fæðingarorlof og sakavottorð.	2021–2025
Endurnýjun upplýsingatæknikerfa og nútímavæðing tækniinnviða.	● Greining framkvæmd hjá lykilstofnunum á hvaða mikilvægu tæknilegu innviðir eru til staðar. Niðurstöður veittu innsýn í arfleifð, samningsstöðu gagnvart birgjum, rekstrarkostnað o.fl. Niðurstöður aðstoða við forgangsröðun í endurnýjum mikilvægra upplýsingatækniinnviða.	2021–2026

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

⁴ Mælikvarðinn verður tekinn út skv. fjármálaáætlun 2023-2027. Í stað hans kemur mælikvarði um tengingu gagna við stafrænt pósthólf í samræmi við áherslur Alþingis og lagasetningu þar um.

⁵ Mælikvarðinn er aðeins uppfærður annað hvert ár og því eru ekki til tölur fyrir árið 2021. Til að bregðast við þessu hefur verið valinn nýr mælikvarði í fjármálaáætlun sem uppfærð er árlega.

⁶ Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 6.1

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Innleiðing á innkaupakerfi fyrir stofnanir A-hluta til að auðvelda greiningar og ná fram betri nýtingu fjármuna í aðföngum ríkisstofnana.	● Innkaupakerfi fór úr prófunarfasa í innleiðingarfasa og í lok árs voru yfir 20 stofnanir með kerfið innleitt. Allir nýir rammamningar miðast við innkaupakerfi. Ríkiskaup eru komin með aðgengi að innkaupaupplýsingum ríkisaðila til greininga og grundvallar betri samningagerðar.	2020–2024
<p>● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið</p>		

Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall stofnana skv. niðurstöðu „Stofnunar ársins“ varðandi ánægju og stolt:			
a. á starfhæfu bili og ofar (3,7–5)	a. 94%	a. 97%	a. 94%
b. á styrkleikabili (4,2–5)	b. 57%	b. 55%	b. 55%
Hlutfall stofnana skv. niðurstöðu „Stofnunar ársins“ varðandi stjórnun:			
a. á starfhæfu bili og ofar (3,7–5)	a. 87%	a. 90%	a. 89%
b. á styrkleikabili (4,2–5)	b. 43%	b. 45%	b. 48%

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Mótun stefnu ríkisins í mannauðsmálum og framkvæmd aðgerðaáætlunar stjórnendastefnu.	● Mótun stefnu ríkisins í mannauðsmálum var frestað vegna forgangsröðunar annarra verkefna. Allar aðgerðir stjórnendastefnu í framkvæmd.	2021 2019–2021
<p>● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið</p>		

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Greina mannaflapörf ríkisins í ljósi framtíðarþarfa samfélagsins og breytinga á starfsumhverfi.	<p>● Leiðbeiningar fyrir stofnanir um gerð fjarvinnustefnu gefnar út í maí 2021.</p> <p>Skýrsla um störf án staðsetningar gefin út í september 2021.</p>	2021 2021
Greining launaútgjalda ríkissjóðs út frá kynjasjónarmiðum.	● Niðurstaða greiningar birt í stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða í mars 2021.	2020

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 3: Auka getu ríkisstofnana til að veita góða kjarnaþjónustu.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Víðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall A-hluta ríkisstofnana sem tekur þátt í sameiginlegum innkaupum.	79%	99%	100%
Hlutfall stofnana sem flytja starfsemi sína í sameiginlegt stofnanahúsnæði og nýta sameiginlega stoðþjónustu.	Nýr mælikvarði	10%	10%
Fjöldi stofnana sem tengst hefur tölvuskýi ríkisins.	0	2	0 ⁷

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Nútímavæðing og aukinn samrekstur á skrifstofuhúsnæði opinberra stofnana.	● Farið var af stað með markaðskönnun á nútímalegu húsnæði sem hægt væri að nýta með sveigjanlegum hætti undir ýmsar stofnanir á vegum ríkisins. Sú könnun skilaði ekki fullnægjandi árangri og er unnið að nánari útfærslu að næstu skrefum.	2020–2023

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

⁷ Stefna stjórnvalda varðandi skýjamál hefur breyst og því hefur ekki verið unnið að verkefninu. Ný stefna verður gefin út á árinu 2022.

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Innleiða aðgerðaáætlun nýrrar innkaupastefnu.	● Aðgerðaáætlun til þriggja ára var gefin út og unnið að verkefnum á fyrsta ári í samvinnu við Ríkiskaup, Umhverfisstofnun, Fjársýslu og umhverfisráðuneytið.	2020–2023
Unnið að verkefnum úr aðgerðaáætlun um opinbera nýsköpun.	● Aðgerðaáætlun var gefin út árið 2020 og klárðust verkefnin haustið 2021.	Mars 2020 til september 2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Eitt markmið málaflokksins hefur verið felld brott frá fyrra ári er varðar hraðari uppbyggingu stafrænna innviða. Skýrist það af því að verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stafrænt Ísland falla nú undir málaflokk 05.3.

Markmið í málaflokknum eru:

-
1. Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs.
 2. Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins.
 3. Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.
-

Markmið 1: Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall mælikvarða í fjármálaáætlun sem mæla virði fyrir samfélagið: afurðir, áhrif eða framfarir.	58%	50%	
Hlutfall aðgerða komið vel á veg eða lokið innan tímamarka í fjárlagafrumvarpi.	74%	70%	
Hlutfall mælikvarða í fjármálaáætlun sem eru kynnamir. ⁸	8,5%	10%	8,5%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Bætt ferli við mat á áhrifum fjárlagatillagna á jafnrétti.	● Fræðsla um jafnréttismat var eflð og ráðuneyti skráðu í fjárlagakerfi niðurstöðu jafnréttismats fjárlagatillagna vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022.	2021
Endurnýjun þjóðhagslíkans sem taki mið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.	● Þjóðhagslíkan tekur nú mið af þróun opinberra fjármála og endurspeglar áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar hverju sinni. Verkefninu lauk í lok árs 2020.	2016-2020
Þróun endurmats útgjalda og áætlaður árangur fyrir málaflokka metinn til fjár, sbr. markmið og mælikvarða í fjármálaáætlun.	● Gerð skýrsla og valkostagreining vegna útgjalda til öldrunarmála, framhaldsfræðslu og örorkumála.	2021-2022

● EKKI hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● LOKIÐ

⁸ Mælikvarðarnir geta verið sundurgreindir eftir kyni, mældar aðgerðir sem eru sérstaklega ætlaðar öðru kyninu eða verið í eðli sínu kynjaðar.

Markmið 2: Bætt upplýsingagiöf um fjármál og rekstur ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Gagnsæi og greinanleiki fjárhagsupplýsinga mælt sem fjöldi mælikvarða sem eru birtir í rauntíma.	Nýr mælikvarði 2021.	20	Mælikvarðar þróaðir

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Bætt miðlun fjárhagsupplýsinga ríkissjóðs og greininga á stöðu.	● Opinberumsvif.is þróaður áfram.	2020-2024
Birting opinna reikninga, mánaðarlegra bókhaldsupplýsinga og framsetningar upplýsinga um ríkisfjármál á vef.	● Ríkisreikningur.is bættur og áfram unnið að framsetningu hans.	2020-2024

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Markmið 3: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall ríkisaðila og verkefni þar sem rekstur er innan 4% vikmarka fjárveitinga í árslok.	86%	90%	72%
Hlutfall málaflokka þar sem rekstur er innan fjárheimilda.	73%	95%	75%

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Aukin sjálfvirknivæðing og gæðastýring ferla við áætlanagerð og framkvæmd fjárlaga. Styður við varfærni, festu, gagnsæi, stöðugleika og sjálfbærni í ríkisfjármálum.	● Ríkisaðilar áætla í AKRA, áætlunarkerfi ríkisins, og öll ráðuneyti hafa núna aðgang að vöruhúsi gagna sem er í umsjón Fjársýslu ríkisins.	2020–2024

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Í fjárlögum fyrir árið 2021 voru skilgreind tvö markmið fyrir mála- flokk **06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál**. Markmið málaflokksins vísa til þeirra mikilvægu skrepa sem þarf að stíga í átt að því að í opinberri þjónustu verði sjálfsafgreiðsla reglan og að gögn stjórnsýslunnar verði örugg, opin, gjaldfrjáls, heilleg, tímanleg, aðeins skráð einu sinni og varin með bestu tæknilegu lausnum á hverjum tíma. Hér fyrir neðan verður aðeins fjallað um árangur aðgerða sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á.

1. **Auka framboð öruggrar, stafrænnar þjónustu.**
 2. **Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku.**
-

Markmið 1: Aukið framboð öruggrar stafrænnar þjónustu.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi sjálfsafgreiðsluferla aðgengilegur almenningi á miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is.	Nýr mælikvarði	1200	931 ⁹
Frammistaða í stafrænni þjónustu stjórnvalda, mæld á bilinu 0–1, í bakgrunnsmælingu UN WEF (e. Government usage Online Service Index), liður EGDÍ. ¹⁰	0,79	0,85	0,79 ¹¹

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Fjöldi sjálfsafgreiðsluferla aðgengilegur almenningi á miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is verði 1.200.	● Nýtt umsóknarkerfi fullklárað og innleiðing hafin hjá stofnunum. Umsóknarkerfið gefur stofnunum möguleika á því að koma þjónustuferlum sínum í sjálfsafgreiðslu. Sjálfsafgreiðslulausnir aukast því jafnt og þétt árlega.	2018-2021

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Árangursvísir European Data Portal fyrir opin gögn sem hlutfall af hæsta gildi stigagjafarinnar.	8%	50%	61%

⁹ Mælikvarðinn verður tekinn út skv. fjármálaáætlun 2023-2027. Í stað hans kemur mælikvarði um fjölda vefþjónusta (API) aðgengilegar fyrir grunnskrár ríkisins skv. skilgreiningu um hávirðisgagnasett í tilskipun ESB 2019/71024.

¹⁰ <https://publicadministration.un.org/egovkb/en-us/Data/Country-Information/id/76-Iceland>

¹¹ Mælikvarðinn er aðeins uppfærður annað hvert ár og því eru ekki til tölur fyrir árið 2021. Til að bregðast við þessu hefur verið valinn nýr mælikvarði í fjármálaáætlun sem uppfæririst árlega.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Mótun stefnu og skipulags opinna gagna lokið.	● Unnið að öryggisflokkun gagna ríkisins og grunnur lagður að stefnumótun um opin gögn.	2020–2023

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

16.1 Markaðseftirlit

Samkvæmt fjármálaáætlun fyrir 2021–2025 er meginmarkmið mál-efnasviðsins aukin samkeppnishæfni atvinnulífs sem byggist á efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu jafnvægi. Markmið málaflöksins eru tvö:

1. **Aukið gegnsæi og skilvirkni með virkri samkeppni og heilbrigðum viðskiptaháttum.**
 2. **Aukið traust með góðri upplýsingagjöf og rafrænni stjórnýslu.**
-

Til að ná settum markmiðum á málefnasviðinu voru ákveðnar tvær aðgerðir. Sú fyrri snýr að því að koma á rafrænum skilum á öllum innsendum gögnum til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2021. Sú síðari er sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem skilar auknu gagnsæi og trausti.



Markmið 1: Aukið gagnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.**Mælikvarðar fyrir markmið 1****Raun 2020****Viðmið 2021****Raun 2021**

Hlutfall atriða í úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á opinberu eftirliti á fjármálamarkaði sem uppfylla lágmarksviðmið að verulegu leyti.

24% (2014, úttekt á fylgni við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP)).

>50%

24% (2014, úttekt á fylgni við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP)).

Aðgerðir sem styðja við markmið 1**Framkvæmt 2021****Tímabil aðgerða**

Úttekt á fylgni bankaeftirlits við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP).

● Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn féllst árið 2021 á beiðni Íslands um að gera úttekt á íslensku fjármálakerfi sem mun að mestu fara fram á fyrri hluta árs 2023 og ná m.a. til kjarnaviðmiða Basel-nefndar um bankaeftirlit.

2022–2024

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Aukið traust með góðri upplýsingagjöf og rafrænni stjórnslu.**Aðgerðir sem styðja við markmið 2****Framkvæmt 2021****Tímabil aðgerða**

Öll gagnaskil til Seðlabanka geti farið fram rafrænt.

● Á árinu 2021 var tekið í gænið sameinað gagnaskilakerfi fyrir reglubundna gagnasöfnun hjá Seðlabankanum auk þess sem hægt er að skila öllum gögnum vegna óreglubundinna fyrirspurna í þjónustugátt.

2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

29.1 Barnabætur

Í fjárlögum fyrir árið 2021 kemur fram að í þessum málaflokki voru ekki skilgreindar aðgerðir. Markmið málaflokksins eru tvö:

1. **Auka stuðning við tekjulága foreldra.**
2. **Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi.**

Árangursmælingar markmiða

Markmið 1: Auka stuðning við tekjulága foreldra.

Mælikvarðar fyrir markmið 1

	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hlutfall undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á mann fyrir barnafjölskyldur.	7%	7,5%	7,5%

Markmið 2: Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi.

Mælikvarðar fyrir markmið 2

	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjöldi ákvörðunarþátta við ákvörðun barnabóta.	15	15	15

Barnabætur eru tekjutengdar bætur sem greiddar eru með börnum yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekjum þeirra. Meginmarkmið barnabóta er að styðja við tekjulága foreldra og draga úr fátækt

barna. Árið 2021 voru greiddir samtals 12,5 ma.kr. í barnabætur til 49.329 einstaklings samkvæmt álagningu ríkisskattstjóra. Þá fengu þeir sem fengu greiddar barnabætur einnig greiddan barnabótaauka árið 2021 sem stuðning vegna COVID-19 sem nam samtals 1,6 ma.kr.





31.1 Húsnæðisstuðningur

Í fjárlögum fyrir árið 2021 eru sett fram þrjú markmið fyrir málaflokkinn:

1. **Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði með auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar húsnæðis.**
2. **Aukinn aðgangur að öruggu og viðeigandi húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og tekju- og eignalitla á viðráðanlegu verði.**
3. **Húsnæðiskostnaður efnaminni fjölskyldna og einstaklinga verði lækkaður.**

Húsnæðisstuðningi hins opinbera er ætlað að stuðla að raunverulegu vali landsmanna um búsetuform og að auka húsnæðisöryggi. Sá stuðningur í húsnæðismálum sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra er annars vegar vaxtabætur og hins vegar ráðstöfun séreignar skattfrjálst til fyrstu fasteignakaupa. Þessu til viðbótar er tímabundið úrræði sem heimilar útgreiðslu skattfrjálsrar séreignar inn á fasteignalán en gildistími þess hefur verið framlengdur til 30. júní 2023.

Vaxtabætur eru tekju- og eignatengdar bætur til þeirra sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna eigin íbúðarhúsnæðis. Alls voru greiddir út 2,4 ma.kr. í vaxtabætur til 15.020 einstaklinga á árinu 2021 samkvæmt álagningu ríkisskattstjóra.

Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð tóku gildi 1. júlí 2017 og heimila einstaklingum skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð. Árið 2021 nýttu 7.500 fyrstu kaupendur sér stuðning við kaup á fyrstu fasteign að jafnaði á mánuði og nam úttekt séreignarinnar 6,5 ma.kr.

Úttekt séreignar til lækkunar höfuðstóls húsnæðisláns nam 12,6 ma.kr. á árinu.

33.1 Fjármagnskostnaður


Með fjárlögum fyrir árið 2021 voru skilgreind tvö markmið fyrir mála- flokk 33.1 Fjármagnskostnaður.

1. Viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs.

2. Lágmarka fjármagnskostnað.

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Stefna stjórnvalda fyrir árið 2020, áður en heimsfaraldur kórónuveiru skall á, var að lækka skuldir ríkissjóðs. Vegna mótvægisáðgerða stjórnvalda til að stemma stigu við áhrifum af faraldrinum gekk sú stefna ekki eftir. Afkoma ríkissjóðs versnaði verulega með tilheyrandi aukningu skulda. Gert er ráð fyrir að skuldsetning ríkissjóðs aukist enn frekar á næstu árum og nái hámarki í hlutfalli af VLF á árinu 2026. Markmið um að skuldir ríkissjóðs séu sjálfbærar til lengri tíma er óbreytt. Hækkandi skuldahlutfall hefur neikvæð áhrif á vaxtakostnað en vegna þess lágvaxtaumhverfis sem var á Íslandi á árunum 2020 og 2021, þegar skuldasoðnun var mikil, hækka vaxtagjöld án áhrifa verðbóta og gengisbreytinga krónunnar hægar en skuldir ríkissjóðs á árinu 2021. Frávik fjármagnskostnaðar á árinu 2021 frá viðmiði má að mestu leyti rekja til styrkingar gengis íslensku krónunnar sem leiddi til um 16,7 ma.kr. neikvæðrar gjaldfærslu vegna gengisáhrifa á höfuðstól erlendra lána. Áfram verður leitað leiða til að lágmarka fjármagnskostnað ríkissjóðs.



Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 og stöðunnar í lok ársins 2021.

Mælikvarðar fyrir lækkun skulda ríkissjóðs:	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Heildarskuldir að nafnvirði (ma.kr.)	1.244	1.519	1.462
Skuldir sem % af VLF.	42,5%	47,0%	45,2%

Mælikvarðar fyrir lækkun fjármagnskostnaðar:	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Fjármagnskostnaður (ma.kr.)	72	46	35
Fjármagnskostnaður af VLF.	2,5%	1,4%	1,1%

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2021 eru eftirfarandi:

Aðgerðir í málaflokki	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Hagstæð fjármögnun ríkissjóðs með jöfnu afborgunarferli og lágmörkun áhættu.	● Leitast var eftir hagstæðri fjármögnun ríkissjóðs og lágmörkun áhættu.	2021–2027
Endurfjármagna útistandandi skuldir þegar tækifæri gefast á betri vaxtakjörum.	● Skuldabréf útgefið í evrum á 0% nafnvöxtum til styrkingar gjaldeyrisvaraforða þjóðarinnar.	2018–2027

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

33.2 Ríkisábyrgðir

Með fjárlögum fyrir árið 2021 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir **málaflokk 33.2 Ríkisábyrgðir**.

1. Draga úr ríkisábyrgðum.

Stefna stjórnvalda er að draga úr ríkisábyrgðum eins og kostur er næstu árin. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út nýjar ríkisábyrgðir á tímabilinu.

Mælikvarðar – draga úr ríkisábyrgðum:	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Nafnvirði útistandandi ábyrgða.	897	850	845
Ríkisábyrgðir % af VLF.	31%	26%	26%



Staða aðgerða

Afleiðingar kórónuveirufaraldursins settu tímabundið mark sitt á þá almennu stefnu ríkissjóðs að draga úr ríkisábyrgðum. Þannig var einn meginþáttur stuðningsaðgerða stjórnvalda vegna efnahagsáhrifa kórónuveirufaraldursins veiting ríkisábyrgða á lánum sem veitt eru til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekju-

falli. Þá var veitt ríkisábyrgð á lánalínum Icelandair sem nú hefur verið felld niður og Ferðaábyrgðasjóður stofnaður en hann veitti ferðaskrifstofum lán vegna ferða sem felldar voru niður og endurgreiddar. Þessar ábyrgðir eru ætlaðar til skemmri tíma. Stefna stjórnvalda er að draga úr ríkisábyrgðum eins og kostur er næstu árin.

Aðgerðir í málaflokki

Framkvæmt 2021

Tímabil aðgerða

Endurlána ríkisfyrirtækjum utan A-hluta í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð.

● Ríkissjóður hefur þegar lánað Bygðastofnun og framtíðarfyrirkomulag á fjármögnun Húsnæðissjóðs gerir ráð fyrir að það verði með endurlánum frá ríkissjóði.

2020–2027

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

33.3 Lífeyrisskuldbindingar

Með fjárlögum fyrir árið 2021 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir **málaflokk 33.3 Lífeyrisskuldbindingar**.

1. Að minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

Stefna stjórnvalda er að draga úr hreinum lífeyrisskuldbindingum eins og kostur er, þ.e. skuldbindingum umfram eignir. Hlutfall hreinna lífeyrisskuldbindinga af VLF lækkaði úr 25,5% í árslok 2020 í 24,5% í árslok 2021. Í krónum talið hækkuðu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs úr 746 ma.kr. í árslok 2020 í 791 ma.kr. í árslok 2021 sem jafngildir um 6% hækkun á milli ára.

Mælikvarðar markmiðs:	Raun 2020	Viðmið 2021	Raun 2021
Hreinar lífeyrisskuldbindingar % af VLF.	25,5%	24%	24,5%



Staða aðgerða

Greidd var 8 ma.kr. innborgun ríkissjóðs inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar í samræmi við fjármálaáætlun og forsendur fjárlaga. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 5,6% á árinu. Hins vegar var ávöxtun lífeyrissjóðsins af forinngreiðslum ríkissjóðs upp í bakábyrgð skuldbindinga góð á árinu, eða 14,8%, og nafnvirði VLF hækkaði um 10,4%. Samanlögð áhrif þessara

þátta eru að hlutfall lífeyrisskuldbindinga af VLF eru 24,5% en viðmið fjármálaáætlunar 2021–2025 var að skuldbindingar yrðu 24% af VLF árið 2021. Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2020 eru eftirfarandi:

Aðgerðir í málaflokki	Framkvæmt 2021	Tímabil aðgerða
Greidda 8 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs hjá B-deild LSR.	● 8 ma.kr. innborgun greidd.	2020–2027

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Samkvæmt núgildandi fjármálaáætlun mun ríkissjóður halda áfram að inna af hendi sérstakar forinngreiðslur til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 8 ma.kr. á ári. Lykilforsenda markmiðsins er að VLF muni vaxa á næstu árum og að þróun vísitölu

dagvinnulauna opinberra starfsmanna verði í samræmi við breytingar á VLF. Því eru almennar efnahagsaðgerðir forsenda þess að markmiðum verði náð.

34.0 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna

Ekki voru skilgreind markmið fyrir málefnasvið 34 með fjárlögum fyrir árið 2021. Þar er átt við málaflokkana **34.1 Almennur varasjóður**, **34.2 Sértækar fjárráðstafanir** og **34.3 Afskriftir skattkrafna**. Vísað er í umfjöllun um frávik málaflokka og kafla um almennan varasjóð aftar í skýrslunni.



Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rekstrarafkomu þeirra málaflokka málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum annarra málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðuneytið á hlutdeild í.

Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur málaflokka, í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við fjárheimildir ársins 2021 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum.

Tafla 1. Rekstur málefnasviða og málaflokka.

Málaflokkar – rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik m.kr.	Uppsafnað frávik %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	18.599	17.933	-667	-3,7%	1.935	1.268	6,4%
0510 - Skattar og innheimta	8.488	8.800	312	3,5%	834	1.146	11,9%
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	2.043	1.332	-711	-53,4%	629	-82	-4,2%
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	2.724	2.672	-51	-1,9%	150	98	3,5%
0540 - Stjórnsýsla ríkisfjármála	5.345	5.129	-216	-4,2%	323	107	2,0%
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	80	85	5	5,9%	-6	-1	-1,4%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	80	85	5	5,9%	-6	-1	-1,4%
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála	2.180	2.180	0	0,0%	691	691	24,1%
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	2.180	2.180	0	0,0%	691	691	24,1%
20 Framhaldsskólastig	0	0	0	-	-9,8	-9,8	-
2010 - Framhaldsskólar	0	0	0	-	-9,8	-9,8	-
27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks	4.845	5.044	199	3,9%	0	199	3,9%
2750 - Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	4.845	5.044	199	3,9%	0	199	3,9%

Málaflokkar – rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik m.kr.	Uppsafnað frávik %
29 Fjölskyldumál	14.673	15.585	912	5,9%	0	912	5,9%
2910 - Barnabætur	14.67	15.585	912	5,9%	0	912	5,9%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	11.089	20.400	9.311	45,6%	28.945	38.256	77,5%
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	11.089	20.400	9.311	45,6%	28.945	38.256	77,5%
31 Húsnæðisstuðningur	2.415	2.600	185	7,1%	0	185	7,1%
3110 - Húsnæðisstuðningur	2.415	2.600	185	7,1%	0	185	7,1%
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	11.4264	116.761	2.497	2,1%	0	2.497	2,1%
3310 - Fjármagnskostnaður	35.083	54.562	19.479	35,7%	0	19.479	35,7%
3320 - Ríkisábyrgðir	39	0	-39		0	-39	
3330 - Lífeyrisskuldbindingar	79.142	62.199	-16.944	-27,2%	0	-16.944	-27,2%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	21.922	27.076	5.154	19,0%	531	5.684	20,6%
3410 - Almennur varasjóður	0	9.581	9.581	100,0%	0	9.581	100,0%
3420 - Sértækar fjárráðstafanir	0	-325	-325	100,0%	531	205	100,0%
3430 - Afskriftir skattkrafna	21.922	17.820	-4.102	23%	0	-4.102	-23,0%
Samtals	190.068	207.662	17.595		32.086	49.681	

Alls námu heildarútgjöld, þ.e. gjöld og fjárfestingar, þeirra málaflokka sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á 194,4 ma.kr. árið 2021 en áætlanir gerðu ráð fyrir 216,5 ma.kr. Stór hluti heildarútgjalda ráðuneytisins er vegna svokallaðra óreglulegra og kerfis-lægra liða en útgjöld vegna fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna og lífeyrisskuldbindinga námu samtals 136 ma.kr. á árinu, eða 70% af heildarútgjöldum.

Í málaflakki **33.1 Fjármagnskostnaður** nema útgjöld 35,1 ma.kr. sem er 19,5 ma.kr. undir áætlun fyrir árið 2021. Frávik frá áætlun má að mestu leyti rekja til styrkingar gengis íslensku krónunnar sem leiddi til um 16,7 ma.kr. neikvæðrar gjaldfærslu vegna gengisáhrifa á höfuðstól erlendra lána. Vextir af lánum og gjaldfærðar verðbætur reyndust um 2,8 ma.kr. undir áætlun.

Í málaflakki **33.3 Lífeyrisskuldbindingar** nema útgjöld 79,1 ma.kr. og eru þau 16,9 ma.kr. hærri en áætlanir. Hluti fráviksins skýrist af hækkun vaxta og verðbóta og vísitölu launa opinberra starfsmanna. Á móti kemur að ávöxtun lífeyrissjóðsins af forinngreiðslum ríkissjóðs upp í bakábyrgð skuldbindinga var góð á árinu eða 14,8%. Tæplega 50 ma.kr. af gjaldfærslu ársins eru vegna breyttra forsendna í trygginga-fræðilegu mati lífeyrisskuldbindinga þar sem nú er í fyrsta sinn tekið mið af hækkandi lífslíkum í framtíðinni.

Heildargreiðslur málaflokks **29.10 Barnabætur** eru 912 m.kr. undir áætlunum eða sem nemur 5,9%. Helsta ástæðan er sú að tekjur ársins 2020 sem komu fram í álagningu 2021 voru umfram spár. Því voru skerðingar á barnabótum meiri en gert hefði verið ráð fyrir. Þá mætti einnig nefna að fyrir árið 2021 voru neðri skerðingarmörk hækkuð en þar sem tekjurnar hækkðu meira en gert var ráð fyrir lentu fleiri í því að fá barna skertar bæturnar. Því voru áhrif hærri skerðingarmarkanna ekki eins mikil og gert var ráð fyrir.

Heildargreiðslur málaflokks **31.1 Húsnæðisstuðningur** vegna vaxtabóta eru 184,7 m.kr. undir heimildum eða sem nemur 7,1%. Skýringu fráviksins er að finna í samspili nokkurra þátta. Lægt vaxtastig hefur leitt til þess að vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, voru lægri en gert var ráð fyrir. Þá hefur eignastaða landsmanna í húsnæði batnað á milli ára sem leiðir til aukinnar skerðingar. Auk þess hækkðu tekjur vaxtabótaþega á sama tíma og viðmiðunarfjárhæðir kerfisins héldust óbreyttar sem leiddi til þess að færri fengu greiddar vaxtabætur.

Útgjöld málaflokks **30.1 Vinnumál og atvinnuleysi** eru lægri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir. Undir málaflakinn fellur stuðningur við fyrirtæki vegna heimsfaraldursins og þar undir falla fjögur úrræði; launakostnaður á uppsagnarfresti, lokunarstyrkir til fyrirtækja vegna COVID-19, tekjufallsstyrkir til rekstraraðila vegna COVID-19 og viðspyrnustyrkir. Mat á áhrifum þessara aðgerða á ríkissjóð byggði á nokkurri óvissu og til að gæta varúðar miðaðist kostnaðarmatið við ytri mörk (væntanlegt hámark) á mögulegum kostnaði. Því var ljóst að frávik vegna úrræðanna gætu orðið mikil. Á fjárlögum ársins 2021 voru veittar sérstakar heimildir til stuðnings fyrirtækja vegna heimsfaraldurs sem námu samtals 19,8 ma.kr. Samhliða efnahagsbata hefur dregið úr sértækum stuðningi við rekstraraðila og færri sóttu um virk úrræði. Hefur það leitt til þess að raunútgjöld eru lægri en fjárheimildir ársins eða sem nemur 9,3 ma.kr. Á árinu 2020 voru jafnframt veittar sérstakar heimildir til stuðnings við fyrirtæki vegna heimsfaraldurs en vegna mikillar óvissu var óráðstöfuð árslokastaða frá árinu 2020 flutt yfir til ársins 2021 sem skýrir uppsafnað frávik.

Í málaflakki **33.2 Ríkisábyrgðir** reyndust útgjöld 38,7 m.kr. umfram áætlanir, sem skýrist af 12,7 m.kr. vegna áfallinna gjalda vegna stuðningslána og 26 m.kr. vegna tapaðra krafna og tjónabóta.

Um er að ræða óreglulegan lið að sem byggist á forsendum sem erfitt er að áætla fyrir og ekki er hægt að hafa beina stjórn á. Á móti er málaflokkurinn með óráðstafaða fjárfestingarheimild að fjárhæð 20 m.kr.

Útgjöld málaflokks **5.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála** eru 216 m.kr. umfram fjárheimildir ársins en þegar tekið er tillit til stöðu frá fyrra ári eru útgjöldin undir fjárheimildum. Frávikin skýrast að mestu af útgjöldum vegna dómkrafna en þau útgjöld eru eðli málsins samkvæmt mjög breytileg á milli ára. Frávik eru á rekstri málaflokks **5.2 Eignaumsýsla ríkisins** en þegar litið er til rekstrar og fjárfestingar er hann innan heimilda þar sem málaflokkurinn hefur óráðstafaða fjárfestingarheimild.

Afskrift skatta og annarra óinnheimtra ríkistekna í málaflokki **34.3 Afskriftir skattkrafna** nema 21,9 ma.kr. Óinnheimtar eftirstöðvar eru metnar árlega og færðar niður með tilliti til þess hversu líklegt er að þær muni innheimtast. Niðurstöður matsins leiða fram verðmæti eignar ríkisins í formi krafna á skattgreiðendur og færast sú eign í efnahagsreikning. Áætlað hafði verið að afskriftir myndu minnka milli ára en niðurstaðan er áþekk fjárhæð og árið 2020 og 4,1 ma.kr. umfram áætlun fjárlaga.

Frávik vegna almenna varasjóðsins sýna óráðstafaða stöðu varasjóðsins sem verður felld niður í árslok. Frávik annarra málaflokka voru óveruleg.

Taflan sýnir fjárfestingu í m.kr. í samanburði við áætlanir ársins 2021 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára. Í fyrsta dálki er það sem ráðstafað var á árinu.



Tafla 2. Fjárfestingar málefnasviða og málaflokka.

Fjárfestingar málaflokka	Fjárheimild	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ráðstafað á árinu	Staða í árslok
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	6.388	2.023	-4.331	4.080
0510 - Skattar og innheimta	149	129	-76	202
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	4.296	1.937	-2.681	3.552
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	345	-107	-161	77
0540 - Stjórnarsýsla ríkisfjármála	1.597	64	-1.413	248
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	0		-1	-1
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	0		-1	-1
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar		20		20
3320 - Ríkisábyrgðir		20		20
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	2.473	2.808		5.281
3410 - Almennur varasjóður	-177	177		0
3420 - Sértækar fjárráðstafanir	2.650	2.631		5.281
Heildarsumma	8.861	4.851	5.052,3	9.380

Á málefnasviði 5 er um að ræða uppsafnað fjárfestingarframlag sem skýrist að mestu af uppsöfnuðu framlagi vegna fjárfestinga sem hafa frestast. Vegur þar mest fjárveiting vegna Sjávarútvegs- hússins en það verkefni hefur dregist. Þá er fjárheimild á mála-

flokki **34.20 Sértækar fjárráðstafanir** sem eru útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum fjárlaga og fela í sér heimild til fjárfestinga sem færast á aðra málaflokka.

Kynja- og jafnréttismál

Kynja- og jafnréttismál

Ráðuneytið er ábyrgðaraðili kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar en vinnur, líkt og önnur ráðuneyti, einnig að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í þeim málaflokkum sem það ber ábyrgð á.

Áfram var unnið að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagaferlið og við undirbúning vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2022 skiluðu ráðuneytin í fyrsta skipti mati á áhrifum fjárlagatil-lagna á jafnrétti. Niðurstaða matsins var undirstaða ítarlegrar umfjöllunar um áhrif ráðstafana í fjárlagafrumvarpi á jafnrétti kynjanna. Mat ráðuneytanna byggði að miklu leyti á stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða sem birt var í mars 2021. Frekari uppfærsla á skýrslunni hófst undir lok ársins og á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins voru m.a. greind áhrif af betri vinnutíma í vaktavinnu og kynja- og jafnréttissjónarmið við opinberar framkvæmdir dregin fram.

Við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og við alla greiningu á jafnréttisáhrifum er lykilatriði að kyngreindar tölfræðiupplýsingar liggja fyrir og séu aðgengilegar. Vinna starfshóps um kyngreind tölfræðigögn hefur dregið fram áskoranir og tækifæri er varða kyngreind tölfræðigögn og þegar leitt til úrbóta. Þannig hefur t.d. verið brýnt fyrir stofnunum ríkisins að greina milli kynja við alla tölfræðivinnslu auk þess sem lögð var aukin áhersla á að greina þörf fyrir bætt aðgengi að kyngreindum tölfræðiupplýsingum í vinnu við uppfærslu stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða.



Ávinningur af styrkjum og framlögum 2021



Ávinningur af styrkjum og framlögum 2021

Vegna eðlis starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytis eru styrkir og framlög skv. 42. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, ekki stór hluti af starfsemi ráðuneytisins. Veittur var 350 þ.kr. styrkur til Líknarfélagsins Vonar vegna jólahátíðar fatlaðra auk þess sem veittur var 200 þ.kr. styrkur til Hinsegin daga í Reykjavík af ráðstöfunarfé ráðherra.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, er gert ráð fyrir að hægt sé að nýta varasjóði málaflokka til að bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hver ráðherra leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Ráðuneytið hefur til umráða fjóra varasjóði málaflokka sem allir eru á málefnasviði **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla**. Eftirfarandi töflur sýna ráðstöfun úr varasjóðunum.

Tafla 3. Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2021.

Varasjóður málaflokks 05.10	Upphæð í m.kr.	Varasjóður málaflokks 05.30	Upphæð í m.kr.
Fjárveiting ársins	77,8	Fjárveiting ársins	31,0
Flutt frá fyrra ári	260,3	Flutt frá fyrra ári	12,3
Staða varasjóðs í lok árs	338,1	Ráðstafað úr varasjóði til Ríkiskaupa	-30,0
		Staða varasjóðs í lok árs	13,3
Varasjóður málaflokks 05.20	Upphæð í m.kr.	Varasjóður málaflokks 05.40	Upphæð í m.kr.
Fjárveiting ársins	4,7	Fjárveiting ársins	41,1
Flutt frá fyrra ári	152,5	Flutt frá fyrra ári	0
Ráðstafað úr varasjóði til Bankasýslu ríkisins	-30,0	Ráðstafað úr varasjóði	0
Staða varasjóðs í lok árs	127,2	Staða varasjóðs í lok árs	41,1

Almennur varasjóður

Í fjárlögum er óskiptur almennur varasjóður, skv. 24. gr. laga um opinber fjármál, til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti á fjárlagaárinu. Almennur varasjóður nemur að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga. Framlag úr ríkissjóði í almannan varasjóð á árinu 2021 nam 20 ma.kr. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Almannan varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga ásamt öðrum meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum.

Á árinu 2021 voru veittir 5 ma.kr. úr sjóðnum vegna launa, verðlags- og gengisbóta. Þá var veitt 3,4 ma.kr. framlag úr sjóðnum vegna launabóta í tengslum við innleiðingu á betri vinnutíma í vaktavinnu. Veitt var framlag til ýmissa mála sem eru í eðli sínu tímabundin og ófyrirséð og eru þau talin upp í eftirfarandi töflu.

Tafla 4. Yfirlit yfir ráðstöfun úr almannan varasjóði, sbr. málaflokk 34.1, árið 2021.


Almennur varasjóður, málaflokkur 34.1	Upphæð í m.kr.
Framlag á fjárlögum fyrir árið 2021	19.976
Launa- og verðlagsbætur	-5.027
Launabætur vegna betri vinnutími vaktavinnufólks	-3.416
Eldsumbrot á Reykjanesi	-810
Aurskriður á Seyðisfirði	-727
Tekjufallsstyrkir almenningssamgangna	-142
Stuðningur við atvinnulíf á Seyðisfirði í kjölfar jarðskriða	-105
Samningar vegna Ícelandair um innanlands- og millilandaflug	-57
Samhæfing COVID-aðgerða	-35
Framlag til Árneshrepps og Grímseyjar vegna brothættra byggða	-28
Kostnaður vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins	-20
Staða í árslok	9.608



**Yfirlit yfir
árslokastöðu ríkisaðila**


Yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Mynd 3. Uppsöfnuð frávik frá áætlun ríkisaðila og verkefna í m.kr.



Fjárhæðir í milljónum króna

Athugið: Inn á myndina vantar áætlaða árslokastöðu fyrir almennan varasjóð (9,6 ma.kr.) og lífeyrisskuldbindingar (-16,9 ma.kr.), stuðning við fyrirtæki vegna heimsfaraldurs (38,2 ma.kr.) og afskriftir skattkröfna (-4,1 ma.kr.) vegna hlutfallslegs umfangs í samanburði aðra liði.



Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 5. Yfirlit yfir millifærslur á árinu 2021 skv. 29. gr. laga um opinber fjármál.

Málaflokkur	Heiti málaflokks	Millifært af	Heiti	Millifært til	Heiti	Fjárhæð m.kr.	Skýring
05.10	Skattar og innheimta	09-215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	09-210	Skatturinn	357	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Stofnanir sameinaðar og fjárveiting færð yfir til sameinaðrar stofnunar.
05.20	Eignaumsýsla ríkisins	09-981	Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	09-984	Ríkiseignir	317	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Fjárfestingarframlag vegna Sjávarútvegshúss millifært til Ríkiseigna.
05.40	Stjórnsýsla ríkisfjármála	09-190	Ýmis verkefni	09-190	Lánaumsýsla ríkissjóðs	9	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

Yfirlit yfir útgefið efni árið 2021

Yfirlit yfir útgefið efni árið 2021

Útgáfur 2021

Stefnur

Febrúar 2021: [Sjálfbær innkaup: Stefna ríkisins](#)

September 2021: [Almenn eigandastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins](#)

Rit og skýrslur

8.1.2021: [Úrræði vegna faraldurs: Aðgerðir vegna atvinnuástands, fólks í viðkvæmri stöðu og gagnvart sveitarfélögum](#)

15.1.2021: [Sóttvarnir og efnahagsbati: Lokaskýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra](#)

14.4.2021: [Sjálfbær innkaup: Aðgerðaáætlun 2021–2024](#)

27.4.2021: [Úrræði vegna faraldurs. 3. skýrsla starfshóps: Nýting heimila og fyrirtækja](#)

26.5.2021: [Langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum](#)

30.6.2021: [Græn skref í sjávarútvegi – Skýrsla starfshóps](#)

31.8.2021: [Störf án staðsetningar – staða og framtíðarhorfur](#)

4.9.2021: [Skýrsla um mat á árangri aðgerða til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru](#)

30.12.2021: [Ársskýrsla ríkisfyrirtækja 2020](#)

Efni um opinber fjármál

Mars: [Fjármálaáætlun 2022–2026](#)

Mái: [Fjáraukalög 2021](#)

Mái: [Skýrsla um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum](#)

Júní: [Ríkisreikningur 2020](#)

Júní: [Skýrsla eftirlitsnefndar með lánum með ríkisábyrgð skv. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, sbr. lög um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020.](#)

Júlí: [Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra 2020](#)

Nóvember: [Fjármálastefna 2022–2026](#)

Nóvember: [Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2022](#)

Desember: [Fjáraukalög 2021](#)

Desember: [Fjáraukalög 2022](#)

